


EYJAFRÉTTIR

Mynd: Sígfrús Gunnar



Okkar menn
á Orkumótinu

tbl. **06**
52. árg
03.07
2025
kr. 1.590



14 Sá besti



10 Listafólk
á Goslokum



23 Fimmti
Eyjaráðherrann

HS Veitur ð Eftirlit með breytingum á gjaldskrá óviðunandi

Staðfesta gjaldskrá með einstaklega takmörkuðum gögnum

TRYGGVI MÁR SÆMUNDSSON
tryggvi@eyjafrettir.is

Eyjafréttir hafa fengið afhent skjal frá umhverfis- orku og loftlagsráðuneytinu. Skjalið var lagt fram af HS Veitum til rökstuðnings fyrirtækisins á hækkunum á gjaldskrá félagsins í Vestmannaeyjum.

Áður hafði ráðuneytið synjað Eyjafréttum um afhendingu skjalsins en úrskurðarnefnd um upplýsingamál var sammála Eyjafréttum um mikilvægi þess að íbúar hafi tök á að afla sér gagna til greiningar á gjaldskrá félagsins.

Rétt er að minna á það að HS Veitur hafa einkarétt á dreifingu á heitu og köldu vatni ásamt dreifingu á rafmagni í Vestmannaeyjum, eða eins og segir m.a. í niðurstöðu úrskurðarnefndar:

„Í þessu samhengi skiptir máli að umbeðnar upplýsingar, sem eru rúmlega eins og hálfs árs gamlar, varða hitaveitustarfsemi HS Veitna hf. í Vestmannaeyjum en félaginu hefur verið veitt einkaleyfi á þeirri starfsemi eftir ákvæðum orkulaga.”


Kemur illa út fyrir ráðuneyti og Orkustofnun

Ekki verður annað séð en að ekkert eitt yfirvald fylgist með gjaldskrá veitufyrirtækjanna í landinu.

Útreikningurinn, sem byggir á rekstraráætlun fyrir árið 2024 tilgreinir ekki einu sinni áætlaða arðsemi af eigin fé hitaveitunnar, né hver arðsemin hafi verið árið áður. Þá er útreikningur á rekstrarhagnaði fyrir afskriftir (EBITDA) rangur. Ljóst er að eftirfylgni hins opinbera með gjaldskrá hitaveitunnar er ekki viðunandi.

Yfirvöld staðfesta gjaldskrá með einstaklega takmörkuðum gögnum, ekki árituðum né yfirfarinni af endurskoðendum félagsins.

„Þegar rökstuðningur fyrirtækisins sem lagður er fram til grundvallar á hækkunum sést betur hvers vegna ráðuneytið lagðist á sveif með fyrirtækinu um að halda gögnunum leyndum fyrir almenningi. Því opinberun þeirra kemur sér ekki síður illa fyrir ráðuneytið sem og Orkustofnun líkt og rakið er hér að framan. Þess má geta að Orkustofnun vísaði á ráðuneytið sem heimilaði ekki birtingu upplýsinganna.



Húshitun í Vestmannaeyjum sker sig frá öllum öðrum sveitarfélögum með hækkandi verðum 2021 til 2023.

Fjórði hæsti kostnaðurinn í Eyjum


Fjórði hæsti kostnaðurinn við húshitun af öllum sveitarfélögum landsins er í Eyjum líkt og sjá á súluritinu hér fyrir neðan. Þannig er húshitunarkostnaður í Vestmannaeyjum nær afskekktum stöðum á borð við Grímsey og Kópasker sem ekki hafa sjóvarmadelustöð eða lokað hringrásarkerfi (fjarvarmaveita) eins og íbúar í Eyjum búa við.

Kostnaður hækkar langmest í Eyjum

Þá hefur kostnaður við húshitun í öðrum sveitarfélögum annað hvort staðið í stað, lækkað eða hækkað lítillega meðan kostnaður í Eyjum hefur snarhækkað eins og sýnt er hér á línuritinu. Þar má sjá að í tilfellingum svæða sem eru með háan húshitunarkostnað hefur kostnaður farið lækkað undanfarin ár og staðið í stað á svæðum sem hafa lágan kostnað. Hins vegar hefur kostnaður hækkað umtalsvert í Eyjum og má búast við enn frekari hækkun þegar tekið hefur verið tillit til nýjustu verðskrárhækkunar HS Veitna.

Rafmagnskostnaður við húshitun hér

Rafmagnskostnaður til að knýja hitaveitu bæjarins nam 435 milljónum árið 2024 sem er um



Í Eyjum er húshitunarkostnaður sá fjórði hæsti á landinu.

helmingur rekstrarkostnaðarins. Notkun nam 51,6 MWh samkvæmt gögnum á heimasíðu HS Veitna sem myndi þá jafngildir jafngilda um 8,4 kr/kWh.

Væntingar um lágt verð á heita vatninu eftir að varmadælustöðin var sett upp í Eyjum hafa ekki gengið eftir.

Línuritið hér að ofan nær til

ársins 2023. Í byrjun árs hækkaði gjaldskráin í Eyjum um 18%. Ein af spurningunum sem eftir stendur er hvort áætlunin sem lá til grundvallar gjaldskrár hækkauninni hafi verið borin saman við raunverulega niðurstöðu þ.e. ársreikning 2024. Eyjafréttir munu leitast eftir að fá svör við þeirri spurningu á næstu vikum.

EYJAFRÉTTIR

Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmyndar og annað er óheimilt nema heimilda sé getið.

Útgefandi: Eyjasýn ehf. - kt. 480278-0549
Ægisgötu 2 - 900 Vestmannaeyjum.
Ritstjórn og ábyrgð: Ómar Garðarsson og Tryggvi Mór Sæmundsson - omar@eyjafrettir.is - tryggvi@eyjafrettir.is.

Aðstoðarritstjóri: Annika Vignisdóttir.
Íþróttir: Kristín Ernar Sigurlásdóttir og Tryggvi Guðmundsson
Umbrot: Leturstofa Vestmannaeyjum ehf.
Ljósmyndir: Óskar Pétur og blaðamenn.

Prentun: Stafræna Prentsmiðjan ehf.
Netfang: frettir@eyjafrettir.is.
Auglýsingar: auglysingar@eyjafrettir.is
Veffang: www.eyjafrettir.is
EYJAFRÉTTIR er áskriftarblað.



Í tilefni af Goslokahátíð verður
opið til kl. 22 fimmtudaginn 3. júlí
Léttar veitingar og góð stemning!

**VINIR ICEWEAR FÁ 25% AF
ÖLLUM ICEWEAR VÖRUM**

@icewearmagasin
icewear.is

**ÞÍN ÚTIVIST
ÞÍN ÁNÆGJA**

Fólkið er það sem gerir hátíðina sérstaka

Það stýttist í eina stærstu hátíð sumarsins hér í Eyjum, Gosloka hátíðina. Hátíðin stendur yfir alla vikuna, frá mánudegi til sunnudags, og er dagskráin í ár einstaklega glæsileg. Líkt og undanfarin ár er boðið upp á fjölbreytta viðburði fyrir alla aldurshópa, þar á meðal listsýningar, barnadagskrá, fræðslu, tónlist og ýmislegt fleira spennandi. Á bak við hátíðina stendur öflugur hópur sem leggur hart að sér að gera hátíðina sem besta fyrir bæjarbúa og gesti. Ein þeirra sem situr í goslokanefnd er Erna Georgsdóttir, verkefnisstjóri í menningar-, markaðs- og mannauðsmálum hjá Vestmannaeyjabæ. Við heyrðum í Ernu og fengum að forvitnast aðeins um undirbúninginn, dagskrána og hennar uppáhaldsatriði.



Erna Georgsdóttir

Fullt nafn? Erna Georgsdóttir.
Fjölskylda? Ég er gift Óskari

Snæ Vignissyni og eigum við 4 börn þau Emilíu Rós, Andra Snæ, Bergdísí Emblu og Elmar Breka.

Mottó: Að vera ávallt þakklát og horfa jákvæðum augum á lífið.

Síðasta hámhörfið: Ég er virkilega lítil sjónvarpsmanneskja en ég hugsa að það hafi verið þættirnir Reykjavík 112.

Uppáhalds hlaðvarp?

Hlusta lítið á hlaðvörp en er forfallinn Storytel aðdáandi.

Aðaláhugamál: Handavinna er mitt aðal áhugamál.

Eitthvað sem þú gerir á hverjum degi sem þú gætir ekki verið án:

Já það að hlusta á góða sögu er nauðsynlegt til þess að ná smá innri ró.

Hvað óttast þú mest:

Fugla og fjadrir!

Hvað er velgengni fyrir þér:

Að leggjast hamingjusöm og sátt á koddann eftir daginn og sjá að fólkinu mínu vegnar og líður vel.

Hver er stærsta áskorunin við skipulag hátíðar, eins og Gosloka hátíðarinnar?

Það snýst um að setja saman fjölbreytta hátíð þar sem allir aldurshópar geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Hvað gerir Gosloka hátíðina sérstaka að þínu mati?

Það er aðallega fólkið og kynslóðirnar sem mætast á hátíðinni og skemmta sér saman.

Hvaða ætlar þú sjálf að fara sjá?

Það hefur verið markmið mitt og okkar í goslokanefnd að mæta á sem flesta viðburði og verður engin breyting á því í ár.

Eitthvað að lokum?

Ég vil þakka þeim sem sitja með mér í goslokanefnd kærlega fyrir gott samstarf við undirbúning hátíðarinnar og vona ég að allir finni eitthvað í dagskránni hæfi og njóti hátíðarinnar. Skemmtum okkur fallega!

Eyjasýn ehf. á tímamótum

Ný stjórn og nýir starfsmenn

Á aðalfundi Eyjasýnar ehf. í maí sl. var kosin ný stjórn og í henni sitja Guðmundur Jóhann Árnason, Sigurbergur Ármannsson og Sara Sjöfn Grettisdóttir. Í varastjórn eru Ólafur Elísson og Helga Kristín Kolbeins.

Guðmundur er verkefnisstjóri mannaúts- samfélags- og umhverfismála hjá Ísfélaginu. Sigurbergur er útgerðarstjóri Bylgju VE og Sara Sjöfn, eigandi Póleyjar þekkir vel til á Eyjafréttum eftir að hafa starfað þar sem blaðamaður og ritstjóri. Mikill fengur er að fá Ólaf inn í stjórnina með þá þekkingu sem hann hefur í viðskiptalífni og Helga Kristín er skólameistari Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum sem gefur stjórninni víðari sjóndeildarhring.

Í fráfaramandi stjórn voru Trausti Hjaltason, Gígja Óskarsdóttir og

Kári Bjarnason sem hafa leitt starfið á miklum umbrotatímum í sögu Eyjasýnar. Er þeim þökkud góð störf fyrir félagið.

Öflugur liðsauki á ritstjórn

Eyjafréttum hefur bæst góður liðsauki. Ekki þarf að kynna Guðna Einarsson fyrir lesendum Eyjafréttar. Hann hefur verið ein af stöðum útgáfunnar síðustu ár og heldur því áfram. Ásmundur Friðriksson, fyrrum alþingismaður og rithöfundur hefur komið sterkur inn og nýjasta viðbótin eru Kristín Erna Sigurlásdóttir og Tryggvi Guðmundsson en þau halda utan um íþróttamfjöllun í miðlum Eyjasýnar. Eru þau boðin velkomn til starfa. Þá stendur Margrét Rós Ingólfssdóttir áfram vaktina í próförkinni og Óskar Pétur á bak við myndavélina.

Annika Vignisdóttir hefur vaxið



Fjölmenni var á ráðstefnu Eyjafréttar um breytingar á veiðigjöldum sem haldin var í maí.

í starfi og er í dag aðstoðarritstjóri. Nýtt fólk, Annika ásamt þeim gömlu, ritstjórnunum Ómari Garðarssyni og Tryggva Má Sæmundssyni skipa þéttan hóp sem

skilar öflugum miðlum, Eyjafréttum og eyjafréttir.is sem hafa þann eina tilgang að þjóna Eyjafólki og öðrum sem áhuga hafa. Hlutverk sem við tökum alvarlega.

DAGSKRÁ GOSLOKAHÁTÍÐAR

SKANNA HÉR!



Eldgosið 1973 ≡ Tímar mikillar óvissu og óöryggis

Mótandi áhrif á kynslóðirnar sem á eftir komu

Í janúar árið 1973 breyttist allt í Vestmannaeyjum. Eldfjallið vaknaði og fór að gjósa og líf þúsunda varð fyrir miklum áhrifum. Margir þurftu að yfirgefa heimili sín í skyndi, óvissan ríkti og framtíðin var óljós. Í dag, rúmlega hálfri öld síðar, hefur ný kynslóð Eyjafólks alist upp. Þau hafa heyrt sögurnar, séð myndirnar og vaxið úr grasi með meðvitaða tengingu við fortíðina, þó þau hafi sjálf ekki upplifað hana.

Við ræddum við þær Örnun Hrund Baldursdóttur og Stefaníu Þorsteinsdóttur, sem báðar eru fæddar eftir gos, um hvernig atburðurinn hefur haft áhrif á þær þó svo þær hafi ekki upplifað gosið sjálfar. Þær lýsa ómeðvitaðri kvíðatilfinningu gagnvart náttúruöflunum og virðingu fyrir eldri kynslóðum sem stóðu af sér gosið.

„Ef það kemur til dæmis hristingur úti, þá leita ég strax að hurðargati, það fyrsta sem mér dettur í hug er jarðskjálfti,“ segir Arna og lýsir hvernig óöryggis-tilfinning læðist að henni. „Mér líður alltaf eins og eitthvað sé að fara að gerast.“ Hún rifjar upp Suðurlandsskjálftann árið 2000 og óttann sem kviknaði þá, margir héldu að nýtt gos væri í aðsigi.

Stefanía, eða Stefý eins og hún er kölluð tekur undir og lýsir því hvernig hún upplifir náttúrukvíða sem hún telur að megi rekja að



Stefý og Bjarki maðurinn hennar, giftu sig árið 2019 við minnisvarðann af húsinu hjá langömmu og -afa Stefýar.

hluta til áhrifanna af því að alast upp með sögunni um gosið. „Það er ekki bara eldgos og skjálftar, heldur líka veður. Ég fæ kvíða gagnvart náttúrunni, jafnvel þegar engin augljós ástæða er fyrir hendi.“

Fjölskyldusagan

Arna segir að í sinni fjölskyldu sé talað um gosið sem tíma mikillar óvissu og óöryggis en að sama skapi eins og allt hafi gerst hægt og rólega og allir hafi tekið þessu með æðruleysi. Amma og afa (Sísí og Siggí) voru þrítug með þrjú lítil börn, maður getur ekki einu sinni ímyndað sér hvernig þeim hefur líðið. „Ég ímynda mér að þetta myndi ekki gerast eins rólega og yfirvegað kæmi þetta fyrir í dag. Ég held að það myndi skapast mun meiri óreiða einhvern veginn og fólk myndi keppast við að vera fyrst í bátana.“

Svo allt óöryggið sem tók svo við eftir að fólk kom upp á land. Fjölskyldur jafnvel aðskildar í einhvern tíma og þá var enginn sími til að heyra í aðstandendum! Eyjatrökkunum sem öll höfðu gengið í sama skóla splundrað um allt land. Ég held að svona lífsreynsla hafi djúpstæð áhrif á alla – til dæmis þegar kemur að seiglu, samstöðu og því að kunna að meta það að eiga heimili og öryggi.

Stefý segir að húsið hjá langaömmu hennar og afa (Önnu og Steina á Blá) hafi farið undir hraun, en húsið stendur í dag sem minnisvarði (Blátindur við



Stefanía Þorsteinsdóttir.

Heimagötu). „Þegar þetta gerist þá fer tengdasonur þeirra (afi minn, hann Viktor Helgason) inn í húsið, hreinsar allt þar inni, eldar kjúkling í ofninum, setur svo dúk á gólfid og borðar síðustu máltíðina í húsinu. Það er náttúrulega ótrúlegt að láta svona,“ segir hún og hlær.

Stefý tekur einnig undir það sem Arna segir með það að fólk tali um gosið eins og óttinn hafi aldrei náð tökum á því. Henni þykir margt fólk sem upplifði gosið tala um það sem „ekkert mál“, og það er henni einmitt minnisstætt þegar Eyjafjallajökull gaus að þá hafi margir Eyjamenn verið hissa á því að flugumferð hafi verið stöðvuð, því það væri vel hægt að smúla hreyflana á vélunum líkt og gert var í gosinu í Eyjum.

Virðing fyrir fólkinu

Arna og Stefý segjast báðar bera mikla virðingu fyrir fólkinu sem upplifði gosið. Arna bætir við að henni finnist oft gleymast í hátíðarhöldunum tengdum goslokunum að hugsa um fólkið sem raunverulega lenti í þessu. „Þetta var mikið áfall fyrir fólk, óvissa, óöryggi, peningaáhyggjur og svo framvegis. Þannig ég gæti trúað að hátíðarhöldin stuði mögulega hluta fólks sem lenti í þessu. Auðvitað er að þetta alveg ástæða fyrir því að fagna, en að sama skapi held ég að við þurfum að bera meiri virðingu fyrir fólkinu sem lenti í og upplifði gosið.“

Minningin vel varðveitt

Þær eru sammála um að vel sé haldið utan um minningu gossins, sérstaklega eftir að Eldheimar opnuðu. Þær segja fólkið einnig duglegt að halda minninguni á lofti og gjarnan sé talað um „fyrir og eftir gos“ líkt og um aldamót sé að ræða. Þetta er enn mikið rætt og það er ákveðið stolt fyrir bæinn að hafa lifað þetta af. Þær bæta við að þær séu ekki vissar um að þær myndu snúa aftur ef þetta hefði gerst í dag og þykir seiglan í fólkinu á þeim tíma aðdáunarverð.

En ætla Arna og Stefý að mæta á gosloka hátíðina á ár? „Já, maður kíkir í bæinn með krakkana og svona“, segir Arna. Stefý verður hins vegar fjarri góðu gamni í ár og ætla að fagna goslokunum í fjarska í þetta sinn.



Arna Hrund Baldursdóttir Bjartmars, ásamt fjölskyldu sinni.



VERIÐ VELKOMIN Í
VÖRUHÚSIÐ ALLT
ÁRIÐ UM KRING
OPIÐ FRÁ KL. 11:30

SAMA HLÝJA ÞJÓNUSTAN
SAMA SANNGJARNA VERÐIÐ
SAMA GÓÐA STEMNINGIN

Hátíðleg útskrift Framhaldsskólans = Sextán útskrifast

Embla og Sara meðal framúrskarandi nemenda

ANNIKA VIGNISDÓTTIR
annika@eyjafrettir.is

Sextán nemendur útskrifuðust úr Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum þann 24. maí síðastliðinn. Nemendur luku námi af fjórum mismunandi brautum og var útskriftardeginum fagnað með hátíðlegri athöfn í skólanum. Meðal útskriftarnema voru þær Embla Harðardóttir og Sara Sindradóttir. Báðar útskrifuðust þær af

náttúruvísindalínu og vöktu athygli fyrir góðan námsárangur, en báðar hlutu þær viðurkenningu frá skólanum fyrir mjög góðan heildarárangur í námi, ásamt fjölda annarra verðlauna. Embla og Sara veittu Eyjafréttum viðtal þar sem þær ræddu um skólagönguna og hvað hafi staðið upp úr.



Nöfn útskriftarnema:

Berta Ómarsdóttir,
Stúdentsbraut-félagsvísindalína FV,
Birkir Björnsson,
Stúdentsbraut – Íþróttasvið STB-ÍP
Egill Oddgeir Stefánsson,
Stúdentsbraut-náttúruvísindalína NV
Embla Harðardóttir,
Stúdentsbraut-náttúruvísindalína NV
Herdís Eiríksdóttir,
Stúdentsbraut-félagsvísindalína FV
Íva Brá Guðmundsdóttir,
Stúdentsbraut-félagsvísindalína FV
Nökkvi Guðmundsson,
Stúdentsbraut – Opin lína ST1-O
Rakel Perla Gústafsdóttir,
Stúdentsbraut-náttúruvísindalína NV
Sara Sindradóttir,
Stúdentsbraut-náttúruvísindalína NV
Sveinbjörg Ósk Hauksdóttir,
Stúdentsbraut – Opin lína ST1-O
Willum Jörgen Andersen, *Starfsbraut STB4*
Þorgeir Oddfríðarson,
Vélstjórn B-stig og Viðbótarnám til stúdentsprófs
Ekki viðstödd athöfn:
Hlín Albertsdóttir, *Sjúkraliðabraut SJ*
Inga Kolbrún Ívarsdóttir, *Sjúkraliðabraut SJ*
Sunna Daðadóttir, *Stúdentsbraut-félagsvísindalína FV*
Sæþór Steinarsson, *Vélstjórn B-stig og Viðbótarnám til stúdentsprófs*



Sara Sindradóttir

Gott skipulag lykilinn

„Það skemmtilegasta við skólagönguna mína var að geta verið með vinum á hverjum degi,“ segir Sara. Hún nefnir einnig að tímarnir hjá Óla Tý hafi verið góðir og að viðburðir eins og árshátíðirnar og FIV Cup hafi staðið upp úr. Að vera búin með framhaldsskólann er bæði léttir og söknuður að sögn Söru. „Það er fínt að vera búin að klára stúdentsprófið en ég veit samt að ég á eftir að sakna skólans,“ segir hún.

Aðspurð hvernig henni hafi tekist að samræma námið við persónulega lífið, segir Sara að skipulag hafi skipt sköpum. „Ég reyndi að klára verkefnin yfirleitt fyrir helgi svo ég hefði hana lausa. Ef það var mikið að gera þá skipti ég bara fögum

niður á daga og einbeitti mér að einu í einu.“ Sara notaði frítímann sinn með því að eyða tíma með vinum fyrir utan skólann og hlóð batterín þannig.

Nú þegar framhaldsskólagöngu Söru er lokið segist Sara ætla að taka sér hlé frá námi í eitt ár og vinna. „Ég ætla að taka mér ár í pásu og vinna á meðan ég ákveð hvað mig langar að læra. Svo stefni ég á að fara í háskóla á næsta ári.“

Hvaða ráð myndi Sara gefa öðrum ungmennum sem eru að byrja í framhaldsskóla?

„Ekki að stressa sig of mikið á hlutunum og svo bara njóta þess að vera í framhaldsskóla.“

Embla Harðardóttir

Stefnir á tannlækninn

„Það sem mér hefur fundist skemmtilegast við skólagönguna mína í Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum hefur verið félagsskapurinn,“ segir Embla.

„Það er eitthvað sérstakt við það að vera í litlu og vinalegu skólasamfélagi þar sem allir þekkja alla og maður finnur fyrir stuðningi.“ Embla viðurkennir að henni þyki þínu leiðinlegt að vera ljúka þessum kafla í lífinu en er að sama skapi mjög spennt fyrir komandi tímum og tækifærum.

Embla tók einnig virkan þátt í félagslífinu og segir það hafa gert skólalífið bæði skemmtilegra og eftirminnilegra. Hún vann og æfði fótbolta samhliða náminu, en tókst að eigin sögn vel að halda jafnvægi á milli námsins og einkalífsins. „Ég lærði að nýta tímann vel, forðast að fresta hlutum og klára verkefni strax frekar en að sitja uppi með stress á síðustu stundu.“

Embla segist hafa notað fótboltann til að „slaka á“ frá náminu. Hún notaði hann til að fá útrás og gleyma stressinu. „Ég reyndi líka að finna tíma fyrir

sjálfa mig og gera það sem mér finnst skemmtilegt,“ bætir hún við.

En hvað tekur við eftir að framhaldsskólanum er lokið hjá Emblu?

„Ég fór í inntökuprófið í tannlæknisfræði núna í byrjun júní og mér fannst það ganga nokkuð vel, þannig núna bíð ég spennt eftir niðurstöðunum. Það komast 40 efstu inn, svo samkeppnin er mikil. Draumurinn væri að komast inn þar, en ef það gengur ekki upp ætla ég að hefja nám í lífeindafræði við Háskóla Íslands og reyna aftur við tannlæknanámið á næsta ári.“ Segir Embla. *Hvaða ráð myndi Embla gefa öðrum ungmennum sem eru að byrja í framhaldsskóla?*

„Gerðu þitt besta, þú ert ekki að gera þetta fyrir neinn annan en sjálfan þig. Taktu ábyrgð, vertu ekki hrædd/ur um að biðja um hjálp og reyndu að njóta tímans í skólanum. Taktu þátt í félagslífinu og opnaðu þig fyrir nýju fólki, þessi ár líða ótrúlega hratt og eru dýrmætari en maður heldur“ segir hún að lokum.



Brekkustólarnir vinsælu eru komnir aftur!



Fullkomnir fyrir fótboltamótin og brekkuna í Dalnum.

MIDSTÖÐIN

Strandvegur 30 / 481 1475
www.midstodin.is

ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM?

Vönduð og persónuleg þjónusta



HAFÐU SAMBAND

HALLDÓRA KRISTÍN
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI OG
VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR

✉ dora@husfasteign.is

☎ 8611105

🌐 eyjaeignir.is

Listafólk og sýningar prýða Heimaey á Goslokunum

ANNIKA VIGNISDÓTTIR
annika@eyjafrettir.is

Listasýningar á Goslokahátíðinni eru orðnar fastur liður í hátíðarhöldum tengdum goslokunum. Í ár verða fjölmargar sýningar víðsvegar um Eyjuna. Við hittum hluta af því listafólki sem sýnir í ár og fengum innsýn í heim þeirra og sköpunarferli.



Hér má sjá eina af fallegu myndunum hennar Bjarteyjar.




Sunna Einarsdóttir

Myndlist og mótorhjól


Bjartey Gylfadóttir er ein þeirra fjölmargra listamanna sem sýnir verk sín á Goslokahátíðinni. Verkin hennar endurspeglar bæði landslagið í Eyjum, sem og hina „kvenlega orku.“ „Ég er með málverk, bæði landslagsmálverk og andlitsmálverk, segir Bjartey. „Svo er ég einnig með skúlptúra þar sem andlit eru sett í blómavasa og þannig gef ég blómavasanum nýtt líf og skemmtilegan karakter.“

Innblásturinn að verkunum hennar Bjarteyjar kemur að miklu leyti frá náttúru Vestmannaeyja, en einnig úr þeirri orku sem hún tengir við hið kvenlega og einkennist stíllinn hennar af einstakri litagleði. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Bjartey sýnir á Goslokahátíð, en hún hefur áður tekið þátt í bæði einka- og samsýningum í gegnum tíðina.

Verkin hennar verða til sýnis í Akóges og opnar sýningin á fimmtudeginum á Goslokahátíð klukkan 18. Í þetta sinn ætlar Sæþór, eiginmaður Bjarteyjar einnig að taka þátt, en hann verður með mótorhjól til sýnis. „Hann verður með 5 hjól á sýningunni og leggur áherslu á að segja sögu í kringum þau, segir Bjartey. Hann mun meðal annars vera með hjól sem hann keypti þegar hann var 10 ára og hefur verið að gera upp í vetur, og það kemur mjög vel út.“ segir hún að lokum.



Bjartey Gylfadóttir, ásamt eiginmanni sínum Sæþóri Gunnarssyni.



Bjartey leikur sér mikið með að gefa gömlum blómavösum nýtt líf.

Náttúran, dýrin og Eyjarnar í fyrirrúmi


Sunna Einarsdóttir er ein þeirra listamanna sem sýna verk sín á Goslokahátíðinni í ár, en þetta er í annað sinn sem hún er með sýningu á Goslokunum. Í ár sýnir hún sautján teikningar og þrjú málverk, fjölbreytt verk sem öll bera með sér sérstakan Vestmannaeyjafilling.

„Verkin sem ég verð með á sýningunni núna í ár eru frekar fjölbreytt,“ segir Sunna. „Ég vildi ekki setja þá pressu á mig að halda mig við eitthvað ákveðið þema, heldur frekar að leyfa fjölbreytileikanum ráða för.“ Innblásturinn sækir hún bæði í náttúruna og nærumhverfið – sérstaklega í Eyjarnar sjálfar segir hún.

„Ég er mjög dugleg að skoða dýr sem mér þykir falleg og hef verið þannig frá því ég var ung. En aðalinnblásturinn minn kemur frá Vestmannaeyjum – mér finnst gaman að teikna hluti og staði héðan.“

Aðspurð hvað einkenni stíl hennar segir hún hann einkennast af raunsæi, og segist hún aðallega teikna í raunverulegum stíl.

Verkin hennar Sunnu verða til sýnis í Sagnheiminum yfir hátíðina og hvetur hún fólk að líta við „það verður eitthvað fyrir alla þarna og ég hlakka til að sjá sem flesta“, segir hún að lokum.



Drottningar í hverjum kima

≡ Pura Stína með sína fyrstu sýningu í Eyjum

Listakonan og hönnuðurrinn Þuríður Kristín Kristleifsdóttir, eða Þura Stína eins og hún er kölluð sýnir á Gosloka hátíð í ár, en þetta er fyrsta skipti sem hún sýnir í Eyjum. Þura verður með sýningu sem hefur þegar vakið athygli í Reykjavík. „Ég opnaði mína fyrstu einkasýningu á Hönnunar-Mars í ár og bar hún heitið Drottningar“, segir Þura. „Sýningin er plakatasería og hlutir þar sem ég leik mér með hugtakið „drottning“ og geri tilraun til að draga fram drottninguna í okkur öllum.“ Sýningin sem hún var með á HönnunarMars stóð yfir í 10 daga og á meðan á sýningunni stóð héldu áfram að fæðast hugtök og hugmyndir.

Puru langaði til þess að opna sýninguna hér í Eyjum líka og fannst Gslokahátíðin tilvalin til þess. Ásmat sýningunni verður Þúra einnig með opna „pop-up“ verslunina Surashop.is og þannig getur áhorfandinn tekið verkin með sér heim. Þúra verður einnig með fleira en plaköt í drottningarþemanu, en hún verður meðal annars með púða með ísámuðu „Drottning blessi heimilið“ sem er skírskotun í útsamsverkin sem hengu á mörgum heimilum þar sem við Drottinn var beðinn um að blessa heimilið. Ásmat þessu er Þúra líka með kort, derhúfur og stuttermaboli sem draga fram hversdagsleikann í drottningunni. „Það eru ekki allar drottningar í háum hælum, kjól og með krónu. Sumar drottningar eru bara í stutt-



Verkin hennar þuru verða til sýnis í HeimaDecor.

ermabol með derhúfu,“ bætir hún við.

Aðspurð um innblásturinn að verkunum segir Þóra að hann hafi að miklu leyti komið úr hennar nánasta umhverfi og þá sérstaklega frá dætrum hennar. „Ég er í fæðingarorlofi með yngri dóttur minni, Myrru Karitas, og eldri dóttirin, Emilía Karin, hefur haft mikinn áhuga á skák. Hún passaði alltaf sérstaklega upp á drottninguna sína á borðinu og hafði litla trú á kónginum – því hann má jú bara færa sig einn reit,“ Þóra fór að taka eftir því í framhaldi af þessu hvað við notum orðið mikið í íslenskunni og yfirleitt þegar við erum að tala um eitthvað sem er best eins og allar drottningarnar í Íþróttunum, hlaupadrottning,

sunddrottning, skíðadrottning og svo framvegis. „En ég sæki innblástur almennt séð í fólk og fæ auka orku við að vera innan um annað fólk. Mér finnst við öll vera drottningar, bara mismikið – þetta er svo na skali, drottningarskali.“ Þú þætir við að henni þyki orðið einnig svo ótrúlega fallegt og jákvætt. Hún segist hafa verið óhrædd við að fara út í smá húmor í þetta sinn, en þau verkefni sem hún hefur verið að leikstýra og framleiða hafa oft verið með mun alvarlegri undirtón og segir hún það hafa verið ótrúlega gaman að leika sér með hláturinn og bara leyfa hlutunum að flæða án þess að ritskoða sig af mikið. „Maður verður að hafa húmor fyrir sjálfum sér og ég fékk þetta hugtak

alveg á heilann og leyfði mér það bara.“

En hvernig myndi Þúra Stína lýsa sínum stíl? Hann endurspeglar mjög mikið hvernig mér líður hverju sinni. Ég er grafískur hönnuður, leikstjóri, framleiðandi og tónlistarkona, allt tengist þetta á sinn hátt og mér finnst svo frelsandi og í raun mikil forréttindi falin í því að geta valið mér verkefni sem mér finnst skemmtilegt að vinna í. Ég segi í dag hiklaust nei við þeim verkefnum sem ég veit að munu ekki vera gefandi fyrir mig eða spennandi að takast á við. Maður er hins vegar alltaf smá að berskjalda sig þegar maður vinnur svona verk alveg út frá sjálfum sér eins og einkasýning er en það er um leið ótrúlega gaman að gera eitthvað alveg frá hjartanu. Stíllinn minn er því marglega eftir því hvaða miðil ég er að vinna í hverju sinni en tekur líka inn hvar ég er stödd í mínu persónulega lífi.

Þetta er í fyrsta sinn sem Þóra sýnir í Vestmannaeyjum, en henni hefur lengi langað að sýna verkin sína í Eyjum að eigin sögn.

„Ég er svo heppin að fá að opna sýninguna og pop-up verslun í HeimaDecor. Það er svo falleg búð og allt til alls, Sigrún og Halldór tóku mér opnun örmum, drottningarnar sem þau eru og ég hlakka mikið til að sýna ykkur og opna litla drottningarheiminn inn í búðinni hjá þeim,“ segir hún að lokum.

Lundi og partýstemning

Jóna Heiða Sigurlásdóttir er ein þeirra listamanna sem tekur þátt í Goslokahátíðinni í ár. Þetta er hennar þriðja sýning á Goslokunum, og að þessu sinni mætir hún með skemmtilega og litríka sýningu þar sem lundar, diskókúlur og partýstemning fá að njóta sín. „Þetta er samansafn af allskonar verkum eftir mig, minni verkum sem mynda stærri heild,“ segir hún. „Mig langaði að skapa fjör og partýstemningu með diskókúlum, lundahausum og öðru sem tengist Eyjunum og er nafnið er skráskotin í lundapartý frá tónlistarmanninum Dr. Victor.

Annars segist Jóna Heiða almennt séð sækja mikinn innblástur úr náttúrunni, en verk hennar bera einnig merki af dýpri og dekkri áhrifum. „Ég er mjög hrifin af náttúrunni og hef alltaf sótt innblástur þangað, en ég lað-



Jóna Heiða Sigurlásdóttir.

ast líka að drungalegum hlutum
eins og beinagrindum, blóði og
öðru dökku. Það kemur ekki alltaf
fram í verkunum mínum samt, en
ég myndi segja að ég væri svolítið
tvískiptur listamaður, annars



vegar er það fjörið og partýið,
hins vegar eru það þessir myrku
og drungalegu hlutir.“

Verkin hennar verða til sýn-
is skúr við heimili hennar, að
Skólavegi 15a en þar verður
einnig sérstakt „nornahorn“ – lítið
söluhorn með kristöllum, reykelsi
og ýmsum öðrum grasalækninga-
tengdum vörum. „Eg er að læra
grasalækningar og er með alls



konar tilraunastarfsemi í gangi. Það verður ýmislegt þar til sýnis og sölu líka.“ Einnig verður hún með fleira skemmtilegt til sölu eftir hana, eins og límmiða, barmmerki, lyklakippur og fleira. Jóna Heiða segist spennit fyrir sýningunni og vonast til að fólk kíki við, njóti og hafi gaman að.

N1 Friðarhöfn ≡ Nútíma þjónusta á traustum grunni

Ennþá gamla góða Skýlið í hugum Eyjamanna

≡ Félagsmiðstöð þar sem Litla ríkisstjórnin leysir málin

ÓMAR GARDARSSON
omar@eyjafrettir.is

Skýlið, Friðarhafnarskýlið og nú N1 við Friðarhöfn á sér áratuga langa sögu sem griðastaður sjómanna, starfsfólks fyrirtækja í grenndinni, bæjarbúa sem finnst gaman að virða fyrir sér lífið við höfnina og ferðamenn sem finnst gott að kíkja við og slaka á. Nú ráða þar ríkjum, Kristján Georgsson og Ágúst Halldórsson sem sjá um allt sé í lagi. Í mörg horn er að líta því umfangið er meira en flesta grunar. Kristján stýrir verslun og starfsmannahaldi en Ágúst er viðskiptastjóri og sér um þjónustu við skipaflotann og fyrirtækin.

Ágúst byrjaði 1. febrúar 1990 á Básaskersbryggju og þá hét þetta Olúfélagið hf. Essomerkið var á Tankanum, merki sem lengi var framan á ÍBV-búningunum. „Þegar karlarnir urðu Íslandsmeistarar 1997 og 1998 og einnig bikarmeistarar 1998. N1 hefur haldið þessu áfram og styrkt íþróttahreyfinguna í Vestmanna-



Öflugt teymi: Kristján Georgsson, Embla Sverrisdóttir, Ásta Jóhannsdóttir sem nú er hætt en hefur staðið í stafni hjá N1 og forverum í áratugi, Styrmir Gíslason og Ágúst Halldórsson. Mynd Óskar Pétur.

eyjum mjög myndarlega. Fyrir sumar var skrifað undir veglegan samning við ÍBV knattspyrnu karla til næstu þriggja ára. Já, við höfum stutt íþróttahreyfinguna í Vestmannaeyjum mjög myndarlega. Í dag er N1 merki framaná búningum ÍBV í knattspyrnu,” segir Ágúst.

Fjölbreytt þjónusta

„Við erum með viðskipti t.d. við Vinnslustöðina, Ísfélagið, Laxey og mörg önnur fyrirtæki hér í bæ sem kalla á mjög fjölbreytta þjónustu. Við erum með olíuvörur, bensínusölu. Með stóra birgðatanka og dælur fyrir smábátana. Mörg fyrirtæki eru með olútanka frá N1 sem fyllt er á eftir þörfum þeirra. Við erum með lager inni á Eiði þar sem við höfum smurolíur og aðrar vörur.

„Stöðin mín er ný þjónusta í N1 appinu sem gerir þér kleift að velja þína eigin N1 stöð og fá þar lægsta eldsneytisverð okkar. Þú setur appið inn í símann þinn, velur stöð og þar færðu bensín á lægsta verði sem N1 býður upp á hverju sinni. Getur munað yfir 20 krónum á líter. Færð afsláttinn um leið og þú borgar með appinu.

Þetta er nýtt og hefur mælst mjög vel fyrir. Valið er frjálst og gildir um allt land. Þú þarft ekki lengur að elta við verðið eða keyra framhjá stöðinni sem hentar þér best. Nú færð þú að ráða hvort sem stöðin er nálægt heimili, vinnu, bústað eða bara þar sem kaffið er best. Ræsir dælu með símanum, greiðir og punktarnir safnast. Ef þú vilt skipta um stöð

þá geturðu gert það á 30 daga fresti.“

Mikið vöruúrval

Ágúst segir vöruúrval mikið hjá N1, hvort sem er eldsneyti, fljótandi eldsneyti og smurolíur. „Við erum líka að selja í bíla, perur, þurrkur, rafgeyma og allt hvað þetta heitir. Líka vinnufatnað sem fyrirtækin geta fengið merktan. Þetta er helsta starfsemin og svo er Kiddi með veitingarnar og ekki má gleyma litlu ríkisstjórninni sem fer með ferðina milli ellefu og tólf á morgnana. Leggur línurnar, leysir heims málin og bara gaman af því. Það eru margir sem koma við á hverjum degi og í hugum Eyjamanna er þetta enn þá Skýlið en í kerfinu er þetta N1 Friðarhöfn,” sagði Ágúst að endingu.

Er ánægður á nýjum stað

„Ég er símsmiður, vann hjá Grétari Ómars hjá Símanum. Var á sjó en þegar þeyinn minn, Georg greindist einhverfur fór ég í land. Sá eftir lífinu á sjónum en svona er þetta bara. Vann hjá ÍBV, uppi í Heildsölu hjá Ingólfi og Krissa, á Fiskmarkaðnum, í Geisla og svo hér,” segir Kiddi og er ánægður á nýjum stað. Fetar í fótspor Kela og Svönu og Jóa í Skýlinu og fleiri sem komið hafa að rekstrinum.

„Þetta er ennþá Skýlið í hugum Eyjamanna og stendur á traustum grunni og nóg að gera. Því miður er Ásta, sem hér stóð í stafni í mörg ár nýlega hætt. Hún var á margan hátt táknmynd Skýlisins. Reksturinn tengist því mikla lífi hér við höfnina, sjómönnum, starfsfólki Vinnslustöðvarinnar og Ísfélags og nú Laxeyjar. Það eru svo fastakúnnarnir, m.a. litla ríkisstjórnin sem mætir á hverjum degi og lætur til sín taka í stóru málunum.“

N1 í Vestmannaeyjum er stór þjónustumiðstöð, með gott úrval veitinga, verkfæra, olíur og annað fyrir bílinn, vinnuföt og m.fl.


„Þannig að þetta er heljar umsetning og nú hefur Droppið bæst við. Hingað koma pakkar sem fólk nær í til okkar og mikið að gera. Því fylgir nýr kúnnahópur og hefur margfaldast undanfarið ár,” segir Kiddi.



Hér er ekki töluð vitleysan, Svavar Steingrims, Friðrik Ragnarsson, Kristján Óskarsson, Viðar Óskarsson, Gardar Björgvins og Guðlaugur Jóhanns skipa Litlu ríkisstjórnina ásamt Rúnari Bogasyni sem var fjarverandi. Mynd Ómar.

Lægsta verðið er komið til Eyja!

Veldu þína stöð í N1 appinu ➔



Nánari upplýsingar:
n1.is/stodin-min

Nú færðu loksins lægsta eldsneytisverðið á heimaslóð.
Það eina sem þú þarft að gera er að velja N1 stöðina
í Eyjum í N1 appinu. Svo byrjar þú bara að dæla með afslætti
sem þú munt gjörsamlega elska.

**Stöðin
mín** **N1**

Ásgeir Sigurvinsson

Borgfirskur Sandari af Reglubrautinni

VIÐTAL
ÁSMUNDUR
FRIÐRIKSSON

Í þessu viðtali við Ásgeir Sigurvinsson verður leitast við að fara yfir barnæsku og unglingsár Ásgeirs í Vestmannaeyjum. Við vörpum ljósi á það samfélag sem hann ólst upp í, og hvaða áhrif það hafði á uppeldi hans og hæfileika í íþróttum. Rætur Ásgeirs má kortleggja eins og þríhyrning um landið, Hellissandur í vestri, Borgarfjörður eystri og Vestmannaeyjar í suðri. Faðir Ásgeirs var Sigurvin Þorkelsson, f. 1922, d. 1973 frá Skálholti á Snæfellsnesi. Venni kallaður, var elstur 12 systkina og barnungur varð hann berklasjúklingur. Móðir hans Sigurást Friðgeirsdóttir neitaði að senda Venna frá sér á Vífilstaði en læknaði hann heima í Laufási á Hellissandi. Líklega var Sigurást skyggn, en á bæjarhólnum bannaði hún allan átroðning, fótbolta og steinakast sem truflað gæti álfana sem þar bjuggu. Móðir Ásgeirs var Vilborg Ingibjörg Andrésdóttir f. 1924, d. 2009. Villa var frá Snotrunesi í Borgarfirði eystra, en leiðir hennar og Venna lágu saman á vertíð í Sandgerði. Þau settust að á Bakkagerði í Borgarfirði eystra en þar rak Villa gistiheimili og Venni réði sig sem kokkur og annar vélstjóri á Ísleif VE á síld fyrir austan. Eldri bræður Ásgeirs eru fæddir í Borgarfirði eystra, Andrés

f. 1949 og Ólafur f. 1950, en fjölskyldan flytur til Eyja 8. janúar árið 1953. Það var engin annar en Doddi í olfunni sem tók á móti þeim og keyrði þau heim að Hjalteyri þar sem Ásgeir fæðist 8. maí árið 1955. Samfeðra er bróðir þeirra Guðmundur Sigurvinsson f. 1948.

Hjalteyri var lítið tveggja hæða hús með tveimur íbúðum, byggt árið 1916 og stendur enn við Reglubraut. Umhverfið í miðbænum var líflegt í þá daga og hávær samskipti fólks, jarmið úr kindakofunum, baulið í kúnum og gaggið í hænunum hljómaði eins og fjölradda kór. Stöku skothvellingur úr byssu truflaði taktinn í kórnum, þegar ketti eða kálfi var slátrað úti á lóð í næsta húsi en lífið hélt áfram sinn gang. En þegar bolta var sparkað og brothljóð heyrðust þegar rúðu var stútað svo brothljóðið glumdi í eyrum, spurðu menn hvað væri að gerast. Það var nefnilega meira mál að verða sér úti um nýja rúðu en heimilisdýr á þeim árum.

Leiksvæðin voru ómalbikaðar malargötur, grasbalar og lóðir, bryggjurnar, fjöllin og sprangan. Venni var einlægur aðdáandi Ásgeirs sonar síns og mætti á Bedford vörubílum á alla leikina í yngri flokkunum á malarvöllinn í Löngulág. Í æsingnum barði hann krepptum hnefanum í stýrið þegar hlutdrægur dómariinn, örugglega Þórari sem hélt með sínum mönnum í leik á móti Tyrurum.

En dýrmætast var frjálsræði barnanna, sem lyfti æsku Ásgeirs



Árið 1970 var ÍBV Íslandsmeistari í 4. flokki, 3. flokki, 2. flokki og bikarmeistarar 2. flokks. Myndin er tekin á Vestmannaeyjaflugvelli fyrir framan Douglas DC 3. Frá vinstri Sveinn Valþór Sigþórsson fyrirliði 3. flokks, Stefán Runólfsson formaður ÍBV og Ásgeir Sigurvinsson fyrirliði 2. flokks.

til hæða á árunum milli 1960 og fram að gosi árið 1973, en þá breyttist allt. Ekki bara umhverfið og mannlífið í Eyjum, heldur tók líf Ásgeirs Sigurvinssonar nýja stefnu, en það var ekki áfallalaust. Eldgosið í Heimaey hrakti hann að heiman, en samningur um að spila fótbolta í útlöndum var stöngin inn. Áfallið og sorgin var að Venni faðir hans lést langt fyrir aldur fram þetta örlagaríka ár þann 29. desember aðeins 51 árs að aldri. Ásgeir var þá heima í jólafríi og fékk hann leyfi frá liði sínu Standard Liege til að lengja fríið og fylgja föður sínum til grafar. Útför Sigurvins í ársbyrjun 1974, var sú fyrsta eftir gos og það þurfti að grafa götu í gegnum vikurbinginn inn í kirkjugarðinn til að koma honum fyrir í vígðri mold.

Í þessu viðtali segir Ásgeir lesandanum frá lífshlaupi sínu fram að Heimaeyjargosinu árið 1973.

Svakalegt nágreanni á Reglubrautinni

Ég man fyrst eftir mér á Hjalteyri, sem var pínulítið tvíbýli á tveimur hæðum norðanmegin við Reglubrautina og var þröngur malarstígur á milli Vesturvegar og Vestmannabrautar. Nágreannið var þéttbýlt og flest húsin báru nöfn, fyrir vestan okkur í brekkunni

bjó Valþór á Reynifelli, á Litla-Hrauni var Siggí minkur hjá afa sínum og ömmu en beint á móti þeim voru fjárhúsin, fjósið og hlaðan sem tilheyrði Breiðholti og Reykjum, rétt vestar bjó Nína á Sandfelli og Nínónarnir. Ská á móti okkur var Ey, en þar bjuggu Begga og Trani í Görn og Dóra dóttir þeirra. Beint á móti okkur var Skippholt, en þar bjó Sveinbjörg og Friðrik Ingimundarson sem áttu fallegasta garðinn í götunni. Það varð allt brjálað þegar við spörkuðum bolta inn í blómabeðin og óðum þar inn á skítugum skónum í leit að boltanum innan um fallegar Eyjasól-eyjar, rósir og runna. Friðrik varð alveg brjálaður þegar þetta gerðist og hann stakk gat á boltann með vasahníf ef hann náði honum á undan okkur. Fyrir vikið var honum oft illilega bölvad og þegar verst lét var honum líkt við sjálfan djöfulinn, en þá var líka tekið í hnakkadrambið á okkur fyrir að bölvfa fólki, það var einfaldlega harðbannað. Fyrir austan okkur var Litla Land, hús Gölla Valda sambyggt við Sandgerði þar sem Munda og fjölskylda bjó. Ég fór oft og keypti fyrir hann og félagana hans Portúgal eða brennsluspritt þegar þá vantaði sjúss. Aldrei vorum við hræddir við þessa meinlausu karla sem sátu heima hjá



Jónatan Aðalsteinsson og Venni við löndun úr Stíganda VE. Myndir: Sigurgeir Jónasson.

Göllum, Ameríku Geiri gólaði stundum eins og úlfur, annars var þetta rólegt, Jói danski, Sævar í Gröf, Kúti einhenti og Gústi slettó allt finir karlar, en drykkfelldir. Ég fór aldrei inn í Sandgerði, það var svo ógeðsleg lykt af spyrdum af signum fiski sem voru látnar hanga í forstofunni og yfir eldavélinni. Gölli fíraði bara fiskinum beint í pottinn eftir þörfum og hreinlætið var ekki að þvælast fyrir þessum körlum og Sandgerði ekki hreinlegasta húsið í götunni. Það bjuggu allir gömlu refirnir í Tý í þessu hverfi, Siggi á Háeyri, Óskar á Frá og Týssi. Reynistaðahersingin var hópur, 16 krakkar og allt Týrarar eins og Helgi Lása sem var síðar fararstjóri með okkur peyjana og Lási, Sigurlás Þorleifsson sá mikli markaskorari er ættaður frá Reynistað. Þessir gömlu gæjar voru hið alræmda „Lautarlið“ í fótboltanum, en tími Lautarinnar var að renna sitt skeið þegar ég kem til sögunnar, en þá voru aðal kóngarnir Pétur pulsa og Jonni á Lundi.

Norðanmegin höfðum við baklóð að Djúpadal og Skálanesi þar sem Nonni Svans átti heima. Þegar hr-ingurinn var stækkaður komu inn Stebbi Jónasar í Landakoti, Eyki, Lilli í Hólshúsi, Þórspúkarnir í Sandprýði, Múlapeyjarnir, bræðurnir á Látrum og Akurey. Ég man eftir fótboltaleikjum á lóðinni í Langholti, heima hjá Hreini Loftsyni og þangað komu fleiri peyjar, Tryggvi Garðars og Ási Friðriks úr Stakkholti. Það voru tvö tré við norðurvegginn í lóðinni sem við notuðum sem mörk. Það kom fyrir að menn skutu yfir vegginn og þá gat boltinn lent í glugga hjá Beggu og Trana eða á lóðinni hjá



Guðlaugur Helgason verkstjóri á tækjunum í Fiskiðjunni. Laugi tók oft sprettinn inn í ammoníaksskýið með pípu í munnum.



Myndin er tekin árið 1963 beint fyrir utan Snæfell á Hvítungaveginum. Í þá daga voru kofar og bátar heimasmiðaðir og hér eru vaskir drengir, fv. Friðrik Karlsson, Sigurður Þór Sveinsson, Ólafur Ástþórsson, Árni Finnbogason, Ólafur Friðriksson, Birgir Sveinsson, Ólafur Sigurvinnsson í glugganum, Ásgeir og Andrés Sigurvinnsson og fyrir aftan má sjá Ágúst á Aðalbóli.

Friðriki í Skipholti, það var ávísun á vandræði.

Kalt rassgat á kamrinum

Búskapurinn sem stundaður var í miðbænum kallaði á mikið blóðbað í sláttur tíðinni og það fór ekki fram hjá okkur peyjunum. Gaudi á Reykjum var aðal sláttarinn og hann slátraði á lóðinni í Breiðholti og nýflegnar gæurnar lagðar á garðvegginn, skrokkarnir hengdir á slá og hausarnir í hrúgu úti í horni. Þá gaf Jónatan í Breiðholti ekkert eftir þegar hann hjó hausa af hænum, sem þótti töluvert mikið blóðbað og fjaðrafok þegar hænumar flugu hauslausar á lóðinni. Líklega væri það ekki liðið í miðbænum í dag að slátra úti á lóð, skera af hausa og flá skrokka. Í okkar spennandi umhverfi var ekki mikill tími til að sofa og mamma hrópaði sig hása við að kalla mann í mat á hverjum degi. Þetta var mögnuð æska í frjálsu og spennandi umhverfi sem gerði okkur peyjana að mönnum.

Í frjónnappi þessa blómlega mannlífs var tveggja hæða tví-býlið að Hjalteyri, heimilið okkar og sambýlið með Bergi, Rögnu, Þóreyju og Magga var gefandi og gott. Á hæðinni var eldhús og stofa, gangur frammi og stigi upp á loft. Undir stiganum var miðstöðvarherbergið, olíufyring sem sparlega var farið með og húsið því oftast kalt og það var harðbannað að láta vatn renna af óþörfu. Uppi á lofti voru tvö herbergi, hjónaherbergi og hinu herberginu deildum við þrír bræðurnir saman. Úti á bletti var þvottahús og kamar þar við hliðina, en ein mín fyrsta minning frá Hjalteyri var þegar pabbi var

að bera mig yfir blettinn og inn á kamarinn. Það var ekkert annað í boði og það kvartaði enginn og ég þekkti ekki annað en rökkvaðan kamarinn og stæku skítalyktina þegar maður settist berrassaður með kalt rassgatið yfir gatið í köldu og röku timbrinu. Klósett-pappír var munaður sem sjaldan var til, en þá komu dagblöðin sér vel og menn gátu tekið þátt í pólitísku skítkasti án milliliðar á kamrinum. Það var svo bylting þegar pabbi kom fyrir vatnssalerni í þvottahúsinu og þar voru allir á heimilinu þvegir í þvottabala í þvottahúsinu, en aldrei var sturta eða bað á Hjalteyri meðan ég bjó þar. Það er alveg galið að hugsa sér í dag hvernig þetta var þegar ég var peyi á Reglubrautinni.

Með nesti handa pabba

Pabbi var duglegur til vinnu. Hann var sjómaður, beitningamaður, vélstjóri og vörubílstjóri. Ég man vel eftir því að mamma sendi mig oft með kaffibrúsa og nestisbox vestur í Sjávarbrún sem stóð fyrir neðan Eyjabúð. Þar stóð pabbi við balann og beitti línu eftir að hann hætti á sjónum, en kuldinn fór illa með erfiða liðagigtina sem pabbi barðist við alla tíð. Hann var oftast en einu sinni beitukóngur Vestmannaeyja og lét sér ekki mun um að setjast á skólabekk á fertugsaldri og tók vélstjóraþróf, sem var nýlunda í þá daga af svo gömlum manni. Pabbi var vélstjóri á Hildingi og Stíganda hjá Helga Bergs, en þeir voru aflahæstir eina vertíðina. Eftir að hann kom í land, gerðist hann vélstjóri í Fiskiðjunni og vann þar með Magnúsi Jónssyni og þangað fór ég oft með kaffi og

nesti fyrir pabba. Það var alveg hrikalegt að koma inn í vélasalinn, frýstingin var keyrð með ammoníaki og það var oft svo sterk lykt að menn náðu ekki andanum. Ég þurfti að draga andann og taka fyrir nefið áður en ég hljóp inn í vélstjórakompuna með nestið og ná andanum eftir hlaupið þegar ammoníakslekinn var mestur. Ég hef oft sagt að þessar aðstæður sem pabbi vann við voru ekki þær bestu fyrir mann sem hafði ungur fengið berkla í lungu og barðist við lungnaveiki og heilsubrest alla ævi. Samt heyrðum við bræðurnir aldrei föður okkar kvarta, hann og mamma voru bæði algjörir naglar. Að vinna í þessu helvíti var ekkert eðlilegt og við peyjarnir sem vorum að þvælast í frýstihúsunum í gamla daga munum þetta vel. Menn hálfdrápu sig á þessu og hver man ekki eftir Lauga í Fiskiðjunni taka sprettinn uppi á tækjum og stefna beint inn í ammoníaksskýið með pípu í kjaftinum, þetta var bara ekki hægt. Pabbi þurfti betra loft og fór að keyra vörubíl, hann var á frambyggðum Bedford og ég fór stundum með honum þegar hann keyrði ís um borð í fiskibátana, en þá voru bíltúrar ekki daglegt brauð.

Hellissandur og fótbolti

Mamma og pabbi eignuðust Volkswagen bjöllu og það kom fyrir að bjallan var hífð um borð í Herjólf og 12 tíma siglingin til Reykjavíkur kostaði það að maður var næstum dauður úr sjóveiki. Í þessum rykmettuðu ferðum var farið um holótta vegi austur á Borgarfjörð og að Ytri Hlíð í Vopnafirði þar sem Addi var í sveit. Ég man eftir skemmtilegum

ferðum vestur á Hellisand til afa og ömmu, þá hef ég verið 9 ára og Óli 14. Þetta var rúnturinn, oft tjaldað á ferðalögum og við alltaf vel nestuð.

Ég var í sumardvöl á Sandinum hjá afa og ömmu í Laufási. Þau voru með beljur og nokkrar rollur, en afa var gamall sjómaður sem var kominn í land og vann í langbylgjustöðinni á Gufuskálum. Við Laufás var álfhóll sem amma hugsaði vel um og bannaði okkur að henda steinum í hólinn, það gæti truflað álfana sem þar bjuggu og hún átti samneyti við. Á Sandinum var mikið spilaður fótbolti rétt við túnfótinn á Laufási á einhverjum malarbing sem þar var og þangað komu strákar úr nágrenninu og við spiluðum fótbolta frá morgni til kvölds. Amma þurfti íðulega að kalla mig inn á kvöldin, en þá var oft mikið fjör þegar starfsmenn af Gufuskálum tókust á við okkur peyjana í fótbolta. Sandararnir voru liðtækir í boltanum og við gáfum körlunum ekkert eftir, ég man vel eftir Guðmundi í Brim og Óla Rögg í þessum hópi, en þeir voru báðir liðtækir fótboltamenn og Guðmundur spilaði víða og m.a. valinn knattspyrnumaður ársins hjá Grindavík árið 1982. Eftir nokkur sumur á Sandinum fór ég að spila með yngri flokkum ÍBV og þá tók það allan tímann, æfingar og kappleikir strákafélaganna í Eyjum að ógleymdum keppnisferðum til Reykjavíkur og löngum siglingum með Herjólf. En svo var farið að fljúga eina og eina ferð með Douglas DC-3 frá Flugfélagi Íslands, en flugið og frjálrsræði æskuáranna kryddaði lífið þar sem fótboltinn var að taka öll völd í mínu lífi.

Nágrennið og Stakkó

Tengsl mín við mitt nánasta umhverfi voru af ýmsum toga, eins og við Jónínu á Sandfelli og hennar fjölskyldu. Hún var kölluð Nína, Hilmar eiginmaður



Vilborg bjó síðustu árin á Hraunbúðum í Eyjum.



Frá balli í Höllinni árið 1971, f.v. Ásgeir, Halldór Waagfjörð frá Garðhúsum, Ólafur Kristinn Tryggvason, Ólafur Bachmann, Valur Andersen frá Sandprýði, Haraldur Óskarsson, Friðbjörn Ólafur Valtýsson og Runólfur Gíslason frá Hvanneyri.

hennar var kallaður Nínon og allir í fjölskyldunni höfðu viðurnefnið „Nínon.“ Við Stjáni Nínon erum jafnaldrar og það er skemmtilegt hvernig við tengjumst en árangur í fótbolta og íþróttum liggur oft í fjölskyldum. Guðrún Ingibergsdóttir, systir Nínu er móðir Ívars Ingimarssonar sem lék með ÍBV og var lengi atvinnuknattspyrnumaður á Englandi, en við Ívar erum skyldir. Mamma og Petra María Sveinsdóttir steinasafnari á Stöðvarfirði, amma Ívars eru skyldar austan af Borgarfirði eystra. Þá er Inga á Sandfelli móðir jafnöldru minnar, Árnýju Heiðarsdóttur margfalds íslandsmeistara í hlaupum og alþjóðleg afrekskona í íþróttum í eldri flokkum. Þá er hún skyld landsliðsfólkinu og systkinunum Gunnari Heiðari og Berglindi Björgu Þorvaldsbörnum sem voru atvinnumenn í knattspyrnu víða í Evrópu. Rætur okkar liggja saman og tengjast nánasta umhverfi mínu og æskuslóðum á Hjalteyri í Eyjum.

Látrar standa við Vestmanna- braut en þar bjuggu Gaui og Raggi, alltaf kenndir við Látra. Við Raggi á Látrum höfum verið vinir alla ævi, og þó ég hafi ekki getað fylgt honum og Gauja í fjallamennskunni náði Raggi að draga mig vestur á fjall, alla leið upp í Halldórsskoru. Það er töluvert og ég er mjög ánægður með að hafa afrekað það því ég er alls enginn fjallamaður. En við vorum góðir í spröngunni, þeir Látra bræður voru svakalegir og Gaui eins og sjálfur Tarzan og var sá langbesti í Eyjum. Einnig veiddum við mikið saman, Raggi var góður skotveiðimaður sem sneri sér meira að merkingum en hann er mikill vísindamaður og er einn klárasti maður sem ég hef hitt um ævina. Frábær drengur og góður vinur sem rættar vinátt-

una og sögu æskuslóða okkar, en Raggi hefur skrifað um lífið við Vestmannabraut og haldið til haga sögu tréspírans sem sjómenn fundu á reki við Eyjar árið 1943.

En aðal samkomustaðurinn fyrir unga fólkið í Eyjum var róluvöllurinn á Stakkó, en Stakkagerðistún er í hjarta bæjarins, við hlið Lögreglustöðvarinnar við Hilmisgötu. Það voru finir karlar í löggunni og við peyjarnir töluðum um þá sem löggan tók, að menn lentu í „steininum“ eða voru látnir dása í „grjótnu“, og lifa þau nöfn með okkar kynslóð.

Á Stakkó kviknaði rómantíkin hjá unglingunum og við litlu peyjarnir vorum látnir passa rólurnar fyrir aðalliðið á þessum árum. Addi bróðir var aðalgæinn, Guðrún á Arnahól, Ásdís á Brekku, Anna Óskars og unga fólkið á þeirra aldri réði öllu. Þegar það lið þrammaði inn á svæðið gáfum við peyjarnir eftir rólurnar og okkur hent í burtu enda aldursmunar og stéttaskiptingin á Stakkó algjör á þessum árum.

Hvítingavegurinn

Við fluttum í húsið Snæfell við Hvítingaveg 8, árið sem Addi bróðir var fermdur og Surtsey byrjaði að gjósa og við bjuggum þar næstu 10 árin. Það var bylting frá verunni á Hjalteyri, nú fékk Addi herbergi út af fyrir sig og við Óli vorum saman. Þetta var ekkert smá flott, okkur fannst Snæfell risastórt hús, það var meira að segja klósett og sturta inni í húsinu.

Nágrennið var alveg stórskemmtilegt, Gunnar á Happastöðum, Sveinn Magnússon og allir Múlabassarinn, en Sverni var löggá og síðar smíðakennarinn okkar í Barnaskólanum. Á horni Skólavegar í Ljósheimum var Steingrímur skólastjóri og allir hans skemmtilegu peyjar, Palli

Steingríms, Svabbi, Gísli og Bragi Steingríms, sem settu mikinn svip á bæjar- og úteyjalíf í Eyjum á þessum tíma. Norðanmegin var Ísleifur gamli, og afa peyjarnir hans Óli Ástþórs og Iddi, en beint á móti okkur var Siggi Davíðs. Halli Óskars vinur minn var þarna líka og á Kirkjuveginum voru Bibbi og Þór Valla Snæ. Vestur á Brekastíg var Bjartmar Guðlaugs, Stebbi Friðþórs, Óli Sigmunds og Siggi Steindórs jafnaldri minn.

Óli Már, Hjörtur Ólafs og Palli Magg voru nágrannar og við spiluðum fótbolta á túninu fyrir ofan Spítalann, sem nú er Ráðhúsið. Við vorum líka í fótbolta fyrir sunnan húsið okkar á milli Skólavegar og Kirkjuvegs. Þar var Magnús, afa Múlabassanna með gróðurhús þar sem hann ræktaði plöntur. Það kom reglulega fyrir að við stútuðum rúðum hjá þeim gamla, en sjaldan var það gert af nokkru lögreglumáli. Ekki frekar en þegar Bói Pálma mætti á völinn og þrumaði niður nokkra peyja, en við lærðum fullorðins tæklingar af Bóa og að gefa aldrei tommu eftir. Það voru peyjafélög í fótbolta um allt, neðar á Stakkagerðistúninu á móti Akóges var eitt peyjafélagið þar sem bræðurnir Palli og Gunnar í Vegg voru, Steinar á Gamla Spítalanum, Einar Ottó á Lágafelli, Stebbi á Grund og svo fyrir austan kirkjugarðinn, sannleikarnir, Sæli, Sverni og Kalli, frændi þeirra Leifur Leifs og fleiri peyjar, þetta var um allt og mikið fjör í kringum boltann. Svo spiluðum við Týr og Þór, en sameiginlegt lið ÍBV var alltaf í landsmótunum. Það var rosalegt líf í kringum þessi peyjafélög og menn voru í boltanum frá morgni til kvölds. Við vorum fullir orku og fjölbreytni í lífi og leikum mikil, fótbolti og fjöllin, höfnin og sprangan var iðandi af peyjum alla daga.



Hér má sjá heim að Hjalteyri við Reglubraut, f.v. Gúllhús, Hjalteyri og Reynistaður.

Pabbi burstaði skóna

Það voru margir eftirminnilegir strákar að æfa og spila með mér í yngri flokkum ÍBV á þessum árum, Orri Guðjohnsen var öflugur, mjög góður í fótbolta og við Sæli Sveins og Leifur Leifs vorum valdir í unglinglandsliðið. Við vorum alltaf með gott lið, vorum sterkir strákar og við spiludum upp fyrir okkur um flokka. Árið 1970 vorum við Íslandsmeistarar og bikarmeistarar í 2. flokki og Íslandsmeistarar í 3. og 4. flokki. Á meðan pabba naut við var hann mín stóra stoð og stytta í boltanum og lífinu öllu. Hann var rosalega áhugasamur og þegar leit illa út með flug þegar eitthvað liðið var að koma til Eyja fór pabbi oft niður á Flugfélag til að segja þeim að þókan væri farin og það væri orðið fært. Pabbi tók þetta allt svakalega nærri sér og þegar við töpuðum eitt vorið fyrsta leiknum á móti Breiðablik fór allt á hliðina. Svo varð það auðvitað frægt þegar pabbi mætti á frambyggðum Bedfordinum á leikina hjá mér. Þá lagði hann bílnum klesst upp við grindverkið á malarvellingum og sat í bíl-stjórasetinu og hallaði sér fram yfir stýrið. Þaðan steytti pabbi hnefann og öskraði á dómarrann og þegar allt var um koll að keyra í stýrihúsinu á Bedfordinum lá pabbi á flautunni, eða gaf stefnu-ljós eitthvað út í loftið. Pabbi lifði sig inn í leikinn og var frábær pabbi, hugsaði vel um okkur strákana og var alltaf með Kiwi túpuna og skóburstann á lofti, en pabbi burstaði alltaf fótboltaskóna mína, sem voru glasandi flottir við útihurðina þegar ég fór í hvern leik.

Á þessum árum borguðu menn allt sjálfir, þá var meira að segja enn verið að spila í skóm með stáltá og naglarnir komu oft upp úr sólanum. Svo fór íðunn að koma með skó og Adidas skór að sjást og svo kom Puma og mikil framför var í öllum aðbúnaði. Menn keyptu sína skó og galla sjálfir, við vorum aldrei í trejum

nema þegar við vorum að keppa og ég fékk ekki fría skó og búnað fyrir en ég gerðist atvinnumaður hjá Standard 1973.

Þegar Hreiðar Ársællsson gerðist þjálfari ÍBV var ég byrjaður að fylgjast með æfingum meistara-flokks, mætti á malarvöllinn og ef ég var heppinn að það vantaði í lið fékk ég að vera með. Upp úr þessu velur Hreiðar mig í Faxaflóaúrvalið sem var gríðarlega sterkt lið með Gísla Torfa, Gunnari Erni, Ottó Guðmunds og fleiri góðum knattspyrnumönnum.

Í framhaldi af þessu fórum við Sæli og Leifur Leifs saman til Ítalíu með landsliði 18 ára og yngri, sem var síðan kveikjan af því að ég var keyptur. Þetta 18 ára lið hafði unnið N-Íra í tveimur leikjum og komst í lokakeppnina þar sem við unnum England og

Sviss en gerðum jafntefli við Belgíu sem varð kveikjan af mínum ferli.

Áður en ég fór í þetta verkefni hafði ég spilað minn fyrsta landsleik, gegn Dönum á Laugardalsvelli 3. júlí árið 1972. Ég var 16 ára kominn í landsliðshópinn og mætti á mína fyrstu æfingu á Laugarvatni fyrir leikinn. Þar var ég með Hemma Gunn, Jóa Atla, Eyjólf Hafsteinssyni og öllum þessum gömlu stjörnum sem var mikil upplifun, en sem betur fer var Óli bróðir líka með, Óskar Valtýs og Tommi Páls.

Dolli var ómetanlegur

Á unglingsárum mínum var Adólf Óskarsson, Dolli pípo aðalmaðurinn í öllum íþróttum í Eyjum og yfir Týrarinn. Dolli bar mig á höndum sér, ég vann hjá honum

við pípulagnir og spilaði fótbolta eins og enginn væri morgundagurinn og ég á honum mikið að þakka hvernig ferill minn þróaðist frá barnsaldri. Dolli var félagið, alltaf tilbúinn að hjálpa við allt sem þurfti að gera og Helgi Lása var oft fararstjóri hjá okkur. En Dolli á algjörlega heiðurinn af okkur, hann er maðurinn á bak við mig. Ég á ótrúlega skemmtilegar minningar frá þeim tíma að ég vann við pípulagnir hjá Dolla. Hann var með Moskvitch vinnubíl og við sátum alltaf þrír fram í og þrengslin voru algjör. Dolli keyrði, ég sat með grístöngina í klofinu og svo var annað hvort Gvendur Fúsa eða Óli Óskars við hurðina, en það voru engin aftursæti í bílnum, þar lá fittings lagerinn í hrúgu. Við unnum mikið fyrir „Bæjarsjóð v/Vatnsveitu“, á þessum árum, en þá var nýbúið að leggja vatnsveitu í bæinn. Og ég gleymi því ekki, ef við lentum í því að það sprautaðist yfir okkur einhver drulla úr ónýtum rörum, þá heyrðist í Dolla. „Þetta er tveir í eftir vinnu“, en það var reglan að bæta við tveimur tímum í eftirvinnu þegar einhver helvítis drulla sprautaðist yfir okkur og Vatnsveitan bar eðlilega kostnað af þeim óþarfa.

Það var stundum þungt yfir Dolla þegar mikið var að gera en lítið kom í kassann. Ég bauð Dolla að ég skyldi rukka fyrir hann, en Dolli var svo mikið góðmenni að hann gat alls ekki rukkað sjálfur. Ég man þegar við sátum við skrifborðið í herberginu á neðri hæðinni á Heiðavegi 50, það voru ógreiddir reikningar um



Íslands og bikarmeistarar ÍBV í 2. flokki, efri röð; Baldvin Harðarson, Hjörtur Ólafsson, Guðjón Pálsson, Leifur Leifsson, Páll Magnússon, Jóhannes Long Lárússon og Ingibergur Einarsson. Fremri röð; Haraldur Óskarsson, Magnús Þorsteinsson, Ársæll Sveinsson, Ásgeir Sigurvinsson, Einir Ingólfsson og Tryggvi Garðarsson.

allt. Stundum ussaði hann yfir þessu, hristi hausinn og bölvaði hressilega og sagði svo, „ég fer með þetta allt í lögfræðing.“ Svo blaðaði hann í reikningunum, fann ekki þá sem hann vildi senda í lögfræðing og heldur ekki réttu reikningana til að senda mig að rukka inn fyrir sig. Þá kenndi Dolli Ástu eiginkonu sinni um að rugla í reikningahrúgunni sem hélt áfram að hlaðast upp. Það voru örugglega margir sem sluppu vel frá viðskiptum sínum við Dolla pípó.

Dolli vissi af því að ég var oft á malarvellingum í Löngulág hjá Sigga í Húsavík að hlaupa, kasta kringlu og henda spjóti. Sjálfur var Dolli hörku spjótkestari og keppti á þeim tíma þegar fólk mætti á völinn til að fylgjast með frjálsum. Þá áttum við afreksmenn í eins og Dolla, Óla Erlends, Kristleif og Torfa Bryngeirs sem varð Evrópumeistari í stangastökki á gömlu bambusstönginni árið 1950. Einu sinni vorum við á leið í flugi til Reykjavíkur í keppnisferð, 2. flokkur átti leik við Keflavík og Dolla kemur til mín í fluginu og tilkynnir mér að hann hafi skráð mig í FRÍ mót í Reykjavík. Hann hafði gleymt að láta mig vita, en það vantaði keppanda frá ÍBV og hann skráði mig. Ég var eitthvað að malda í móinn, en Dolla gerði lítið úr þessu, „þú bara kemur þarna við í leiðinni og kastar spjótinu.“ Það var ekkert annað að gera en að láta sjá sig og mæta á mótið. Þetta var fyrsta og eina frjálsíþróttamótið sem ég tók þátt í og ég lenti í 2. sæti í spjótkesti á eftir Óskari Jakobssyni sem lengi var okkar allra besti spjótkestari.

Á þessum tíma var Kjartan Másson í Valhöll farinn að kenna okkur leikfimi, hann var svakalega flottur og það var ekki neitt elsku mamma hjá honum, en við vorum klárir í flestan sjó og þeir sem voru ekki klárir, þeir náðu því fljótt hjá Kjarra.

Það var lítið að fréttastofa af fótbolta yfir vetrartímann og einginn handbolti eða körfubolti í Eyjum á þeim árum. Við vorum kannski einu sinni í viku í litla salnum í Barnaskólanum að sparka bolta en það gerði ekki mikið fyrir okkur nema félagsskapurinn sem var góður.

Ég fór þá að æfa glímu undir handleiðslu gamals nágranna, Gauja Weihe frá Framnesi og með honum var Kjartan bróðir hans, sem drukknaði árið 1972, rétt þrítugur að aldri. Ég átti orðið glímubelti og ég man að þetta kostaði allt sitt og tók í budduna hjá mömmu og pabba. Glíman er þannig íþrótt að hún er bæði tæknileg og krefst hæfileika til að verjast og fími til að víkja sér undan. Þetta er allt sama grundvallarreglan og glíman var ekki bara Sigtryggur vann, hún styrkti

mig og þegar ég lít til baka var það fjölbreytnin sem var undirstaðan í að þroska hæfileika mína. Frjálsræðið í Eyjum, fjöllin og sprangan, hlaupin og frjálsar, jafnvel skautar á tjörninni inni í Dal og svo glíman voru þúslin í árangri mínum á knattspyrnuvellinginum.

Hugurinn er alltaf í Eyjum

Okkur var kennt að bjarga okkur sjálfir, vera heiðarlegir og láta finna fyrir dugnaði og kappsemi. Það var munur á því að stela, eða stela í brennu sem allir brennupeyjar gerðu og það sama átti við um að ljúga eða segja ekki satt, sem var auðvitað allt annað mál. Þetta var einstakt samfélag veiðimanna, sem báru virðingu fyrir bráðinni sem við lifðum á og okkur öllum kennt að taka aldrei meira en nauðsynlegt var.

Ég var svo einstaklega heppinn að hafa góða kennara sem voru sprotnir úr þessu sama umhverfi. Nágrannar mínir frá Ljósheimum á Hvítungavegi 6, bræðurnir Gísli og Páll Steingrímssynir voru algjörir snillingar og ég get enn brosað yfir því hvað mikið af því sem þeir sögðu situr enn í huga mér. Friðrik og Eiríkur Guðna frá Vegamótum og Sigríður Elín Guðmundsdóttir, eiginkona Hauks á Reykjum eru líka kennarar sem ég minnst með mikilli hlýju. Ég var ekkert í efsta bekk til að byrja með því þá var áherslan á aðra hluti og námið gekk samt vel.

En það var ekki stigið feilsþor í fótbolta og bófaeikjum sem farið var í eftir bið á sunnudögum. Þá voru Roy Rogers og Trygger aðal málið, þá var Hjörtur Ólafsson beislaður og hann lék Trygger og ég hljóp á eftir honum um allar koppagrundir. Það var finnrundirbúningur fyrir bombu og kírnverjatímabilið, sem var rosalega spennandi tími. Til að fjármagna kaup og smygla til Eyja slíkum nauðsynjavarningi eins og kírnverjum og bombum söfnuðum við peyjarnir kopar og eir í striga-poka. Við fengum svo sjómenn sem voru í siglingum á England eða Þýskaland til að selja þessa verðmætu málma og kaupa fyrir okkur kírnverja og bombur. Sjálfsbjargarviðleitinni var gert hátt undir höfði og í einni siglingunni var keyptur fyrir mig loftrifill og skot. Á þeim tíma voru Hörður á Andvara og Sjöfn að byggja á Kirkjuveginum og Sæli Arna var að smíða hjá þeim. Ég var ólmur í að prófa loftrifillinn svo ég fór inn í kompuna og renndi hlaupinu út um gluggann og skaut í spýtu sem var rétt hjá Sæla. Þetta var auðvitað alveg agalegt, en það var mjög algengt að peyjar ættu loftrifilla í Eyjum á þessum árum og þrátt fyrir engin stórslys þá var þetta algjört rugl sem lagðist alveg af. Lífið var bara svona í Eyjum og ég hef verið mjög upptekinn að



Ásgeir og Páll Magnússon. Mynd DV

huga um þennan gamla tíma og tel mig lánsaman að hafa alist þar upp. Þetta er alveg ótrúlegt þegar maður hugsar um krakkana í dag, sjálfstæði þeirra er ekkert lengur og það þarf að skipuleggja allt fyrir þau og ekkert hugmyndaflug í gangi. Þetta er bara síminn og spjaldtölvun. Barnabörn okkar taka strætó og þurfa að hafa fyrir lífinu og lifa sjálfstæðu lífi eins og hægt er. Fara í fiðlunám og koma sér sjálf fram og til baka, en sjálfsagt er þetta misjafn. Fólk þorir ekki að sleppa krökkunum lausum, það eru allir skíthræddir við allt. Við ólumst upp þar sem nær engin takmörk voru sett og það var leitað og óskrað á mann út um gluggann á hverjum degi að það væri kominn matur. Heimilin stóðu opin fyrir okkur og við fengum kex og mjólk hvar sem við komum til að ná í orku. Það var alveg geggjáð að búa í Eyjum á þessum tíma og þegar ég var úti ætlaði ég aldrei að flytja annað en til til Eyja. Svo breytist allt í tímann rás og maður ræður því kannski ekki einn, börn og fjölskyldan, en maður elskar Eyjarnar, þar sem ræturnar liggja. Rammi með tilvitnun í Palla Magg, gömul mynd af honum og Geira.; (Palli sendir mér myndina)

Páll Magnússon: Þegar draumar rætast

Við Ásgeir ólumst upp á sömu torfunni. Lékum fótbolta í peyjafélögunum, á túninu við gamla Sjúkrahúsið og á Stakka-gerðistúninu ofan við Akóges og að sjálfsögðu með ÍBV. Þetta var yndislegur tími og við peyjarnir vorum góðir í fótbolta -og unnum Íslands -og bikarmeistaratitla í yngri flokkunum. Ég hef oft

gantast með það að Ásgeir hafi eyðilaggt fótboltaferil minn; alveg farið með sjálfstraustið sem er nauðsynlegt til að verða góður í fótbolta! Það er auðvitað hryllilegur samanburður fyrir mig að spila við hliðina á honum á miðjunni; báðir vinstrifótarmenn í þokkabót. Það var alveg sama hvað maður stóð sig vel – Ásgeir var alltaf miklu betri. Ég man eftir leik á malarvellingum þar sem ég hafði bara verið bysna góður. Eftir leikinn heyrði ég útundan mér tvo kalla vera að tala saman um frammistöðuna og annar þeirra var að hrósa mér í hástert. Hinn sagði þá; „já, já, Palli var finnr en sástu Ásgeir?!

Við vorum fljóttir að átta okkur á því peyjarnir að Ásgeir var bara á annarri hillu en við hinir. Önnur dýrategund eiginlega þegar kom að fótbolta. Og þegar maður fékk boltann var oftast sterkasti leikurinn í stöðunni að líta upp og leita að Ásgeiri! Það er skrítið núna að pæla í viðbrigðunum í lífi Ásgeirs þegar hann fer kornungur út í atvinnumennsku. Ég var árið 1970 að sýna honum bók um HM í Mexíkó það árið og þar hafði belgíski landsliðsmaðurinn Paul Van Himst verið valinn í heimsliðið. Þetta voru við nú bara að skoða á Hvítungaveginum og nokkrum mánuðum seinna var Ásgeir farinn að spila á móti þessum sama manni!

Svona rætast draumar og Ásgeir átti hvert hrós skilið, hann er heilsteyptur einstaklingur, frábær félagi og var knattspyrnumaður í allra fremstu röð í heiminum á sínum tíma og besti fótboltamaður sem Ísland hefur alið.


Tónlistarveisla með Todmobile

Todmobile stígur á svið, föstudaginn 4. júlí í Höllinni og byrjar Goslokahátíðina með trompi. Tónleikagestir geta átt von á glæsilegum tónleikum frá sveitinni þar sem þeirra vinsælustu lög verða tekin í bland við fleiri. Eiður Arnarsson, bassaleikari hljómsveitarinnar veitti Eyjafréttum viðtal, en hann segir það alltaf sérstakt að koma hingað til Eyja að spila. „Við ætlum að spila okkar helstu lög, þetta verða lög sem flestir ættu að þekkja og við leggjum mikla áherslu á fyrstu árin okkar,“ segir Eiður. „Við verðum með Eyþór Arnalds með okkur og búumst við miklu stuði.“

Eiður er fæddur og uppalinn í Vestmannaeyjum og segir að það alltaf sérstakt að koma hingað að spila. „Já, þetta er öðruvísi. Maður hefur tengingu hingað og þekkir fleiri andlit í salnum en víða annars staðar,“ segir hann. „Þó svo að ég hafi ekki búið hér í nær 40 ár þá eru margir í mínum árgangi sem enn búa í Eyjum. Það er alltaf gaman að koma og þegar ég kem, þá er það yfirleitt til að spila, sem er mjög skemmtilegt, bætir hann við.“

Persónulegra að spila í Eyjum

Aðspurður hvað honum þyki best við að koma til Eyja að spila, nefnir hann fólkið. „Eins og ég kom inn á þá þekkir maður fleiri í salnum og hittir oft marga fyrir og eftir tónleika. Þetta er svona aðeins persónulegra. Þó að það sé að mörgu leyti ekki svo frábrugðið að spila hér miðað við annars staðar, þá er þessi tenging



Todmobile lofar glæsilegum tónleikum í Höllinni.

alltaf til staðar. Einu sinni var það þannig að fólk bað sérstaklega um Eyjalög þegar við vorum að spila en ég held að það sé nú aðeins farið að eldast af fólki.“

Eiður hefur verið með Todmobile nánast frá því í byrjun, hann var sjálfur aðdáandi sveitarinnar áður en hann gekk í hana. „Eftir að fyrsta platan kom út árið 1989 þurfti að skipta um bassaleikara og fyrir röð tilviljana endaði ég í bandinu, og hef verið þar síðan.“

Uppáhaldslagið að spila? „Það er ekki auðvelt að svara. Þegar maður spilar sömu lögin mjög oft þá hættir maður kannski að eiga eitt upphald. En það eru samt svo mörg flott lög í safninu okkar. Ef ég á að nefna eitthvað, þá segi ég Lof mér að sjá,“ segir Eiður að lokum.



Eiður Arnarsson, bassaleikari Todmobile.

Sendum hátíðarkveðjur til Eyjamanna í tilefni Goslokahátíðar

HÚS
Fasteignasala

SKUGGI
Byggingafélag

BEWI

bh

EYJASÝN

EYJAFRÉTTIR

Einar stjórnarformaður ≡ Ný Heimaey VE er af annarri kynslóð

Fjárfestingar mikilvægar til að vera áfram í fremstu röð

ÓMAR GARDARSSON
omar@eyjafrettir.is

„Ég býð ykkur hjartanlega velkomin hingað til að skoða nýtt skip Ísfélagsins sem fengið hefur nafnið Heimaey VE 1. Þetta er fjórða skipið sem Ísfélagið og forverar þess gera út með nafninu Heimaey. Það er ávallt hátíðleg stund í litlu samfélagi þegar nýtt skip kemur í flotann. Þetta þekkir fólk í sjávarplássum um allt land og skilur,“ sagði Einar Sigurðsson, stjórnarformaður félagsins þegar hann fagnaði nýju skipi með gestum um borð í Heimaey í gær.

Kostar 5 milljarða

Hann sagði endurnýjun flotans mikilvæga til þess að íslenskur sjávarútvegur sé ávallt í fremstu



Hluti fjölskyldunnar: Bylgja Valsdóttir, Magnús Úlfur Magnússon, Magnús Sigurðsson, Guðbjörg Matthíasdóttir og Einar Sigurðsson.

röð og geti keppt við sjávarútveg í öðrum löndum. „Við sem störfum í sjávarútvegi á Íslandi

megum vera stolt af frammistöðu okkar. Við höfum staðið okkur vel þó auðvitað megi alltaf gera

betur. Það er samt ekki sjálfgefið að það gangi vel. Við borgum hæstu laun í fiskvinnslu í Evrópu, og skiptaprésenta er hæst hér í Atlantshafinu. Til að standa undir slíku eru fjárfestingar mikilvægar, og eingöngu þannig munum við halda áfram að vera í fremstu röð.“

Ný Heimaey kostaði rúma 5 milljarða en til samanburðar var hagnaður Ísfélagsins í fyrra 2,1 milljarður. „Það er þó mín trú og annarra forsvarsmanna félagsins að það fari saman, að fjárfesta vel í skipum og tækjum, vera með gott fólk og öfluga stjórnendur og að félagið skili góðri afkomu. Afkoman nýtist svo til frekari fjárfestinga. Það verður að vera gæfa okkar Íslendinga að raska ekki þessari hringrás, því þá drögumst við aftur úr þeim þjóðum sem við keppum við,“ sagði Einar og þakkaði gestum fyrir að koma og gleðjast með þeim.

Ný Heimaey VE 1 ≡ Með mjög gott skip í höndunum

Stefnan að selja eldri skip og kaupa ný og öflugri

„Hugmyndin kviknaði fyrir einu eða tveimur árum þegar við fórum að huga að því að yngja upp og endurnýja flotann okkar. Töldum of dýrt að fara í nýsmíði og hófum leit að notuðu skipi sem gæti hentað okkar útgerð. Það var svo í fyrravor sem við fengum tækifæri á að skoða þetta skip, Pathway frá Peterhead í Skotlandi sem var smíðað 2017 og notað á við þriggja til fjögurra ára notkun miðað við okkar útgerð,“ segir Eyþór Hardarson útgerðarstjóri Ísfélagsins um aðdraganda þess að félagið keypti nýtt skip, Heimaey VE 1 í stað eldri Heimaeyjar í upphafi sumars.

„Heimaey fyrri er mikið happafley en það var kominn tími til að taka stökkið fram á við. Pathway er 8 árum yngra skip, nýrri hönnun og mun stærri og öflugri til að gera betur og er skref fram á við frá gömlu Heimaey sem var afhent í Síle árið 2012.



Eyþór og Stefán Friðriksson, forstjóri Ísfélagsins buðu gestum uppá tertu..

Eldri Heimaey með 2000 m³ tankpláss á meðan þetta skip er með burðargetu uppá 2500 m³. „Eftir að hafa skoðað skipið fyrir rúmu ári síðan var gerður samningur um kaup og afhendingu

í maí 2025. „Þetta er hluti af endurnýjun á flotannum, að selja eldri skip, kaupa ný og öflugri og við teljum okkur vera með mjög gott skip í höndunum,“ segir Eyþór og tók sem dæmi af keyrslu á Sólbergi ÓF, frystitogara í eigu Ísfélagsins og nýrri Heimaey sem eru jafngömul. „Frystitogarinn er ca 330 daga á ári á sjó sem gera tæplega 8000 klukkustundir á aðalvél á ári. Aðalvélin á nýju Heimaey er með tæplega 14.000 gangtíma sem þýðir að árleg notkun hefur verið um 2000 klukkustundir á ári. Auk þess er mjög vel gengið um skipið og því vel haldið við. Nánast hægt að fara á sokkaleistunum um allt skip,“ segir Eyþór.

Danirnir þeir bestu

Og hann er ánægður með nýja skipið. „Karstensens skipasmíðastöðin í Skagen er annáluð fyrir að smíða bestu uppsjávarskipin í

heiminum í dag og verkefnastaðan þannig að þeir eru með mörg skip í smíðum sem þeir afhenda í röðum. Þar vilja menn láta smíða uppsjávarskipin og ekkert skrýtið. Þeir eru einfaldlega fremstir í sínu fagi, Danirnir.“

Skipstjórar eru Ólafur Einarsson og Sigurður Rúnar Sigfússon og yfirvélstjórar eru Fannar Veigar og Ágúst Halldórsson.

„Þetta er 15 manna hópur sem er á Heimaey, í skiptikerfum og sama áhöfnin sem tekur við nýrri Heimaey. Þetta er framför í útgerð en það var í apríl á síðasta ári sem við gengum frá þessum kaupsamningi. Hefði það gerst í dag í ljósi pólitískra vendinga? Spyr sá sem ekki veit og kannski, sem betur fer vorum við búnir á klára þessi kaup áður en ósköpin dynja yfir,“ segir Eyþór og vitnar til ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að tvöfalda veiðigjöldin. „Við vorum bjartsýnni þá.“



SENDUM ÍSFÉLAGINU INNILEGAR HAMINGJUÓSKIR MEÐ NÝJA HEIMAEY VE-1

 **SKIPALYFTAN EHF.
VESTMANNAEYJUM**

 **Vestmannaeyjahöfn
Port of
Vestmannaeyjar**

 **Ísblik**

NAUTIC



 **Samhentir**

 **Umbúðamiðlun ehf.**

 **ÍSFELL**

RMI
OFNASMÍÐJAN

 **terra**

FASTUS

 **IceMar**



BAADER 

HAMPIÐJAN
www.hampidjan.is

TM

MÍÐSTÖÐIN

 **KLETTUR**

tpz
teiknistofa

 **málning**
-það segir sig sjálft-

GOTT

Ólafur skipstjóri á Heimaey ≡ Spannandi verkefni

Nútímaskip orðin ein tölva

Það var í mörg horn að líta hjá Ólafi Einarssyni, skipstjóra á nýrri Heimaey VE 1 og áhöfn hans þegar blaðamaður leit þar við. Allt á fullu undirbúa skipið fyrir fyrsta túrinn eftir að Ísfélagið fékk skipið afhent. „Við erum að aðlaga skipið að okkar þörfum, smá breytingar hér og þar en heilt yfir lítur skipið mjög vel út. Ekki mik-ið notað og við allt aðrar aðstæður en við erum vanir. Skotarnir gátu tekið þetta vísindalega og eftir því sem þeim hentaði,“ sagði Ólafur sem hefur upplifað miklar breytingar frá því hann byrjaði á sjó árið 1977, sextán ára sem fullgildur háseti.

„Mesta stökkið var að fara af Faxa VE og Álsey VE yfir á Heimaey sem kom ný frá Síle árið 2012, að fara á skip sem var sérstaklega smíðað fyrir flottrollsveiðar. Við vorum þá að byrja á kolmunnaævintýrinu, vinna okkur inn veiðireynslu og vorum á sjó allt árið. Faxi hafði verið togaður og teygður í allar áttir en þarna vorum við komnir með skip sem stóðst nútímakröfur um öryggi, aðbúnað og vélbúnað til að stunda veiðar við erfiðar aðstæður.“

Heimaey reyndist á allan hátt mjög vel, fallett skip og reyndist



Áhöfnin á Heimaey VE. F.v. Daði, Ólafur, Sigþór, Rúnar, Eiríkur. Fannar, Gylfi, Albert, Bjarni, Sigurður, Jónas og Ólafur. Mynd Ómar.

vel. „Stökkið er minna núna þó sú nýja sé stærri og aflið meira. Líka alltaf einhver þróun fram á við, eitthvað nýtt,“ segir Ólafur.

„Ef við lítum lengra aftur, á Kap þá er munurinn allur. Alveg sama hvar á það er litið. Held að maður gæti ekki bjargað sér ef maður ætti að fara á loðnuveiðar á svoleiðis pung. Það hafa komið loðnuvertíðar sem varla hefði verið hægt að stunda veiðar

vegna veðurs á þessum gömlu bátum. Það sama á við makríl og síld sem við höfum þurft að sækja mjög langt, síldina langt vestur af landinu og makrílinn austur í Smugu. Það hefði ekki verið möguleiki á þessum gömlu bátum.“

Tækninni fleytt fram

Mesta byltingin er að mati Ólafs að eitt svona skip er orðin ein

tölva. „Samband um allan heim og þú getur verið með menn hinum megin á hnettinum að vinna fyrir þig í tækjum og tólum. Hvar og hvenær sem er. Það er risa-bylting en ég hef ekki talið þá,“ segir Ólafur þegar hann er spurður um fjölda skjáa í brúnni. „Þetta eru dýptarmælur, ratsjá, asdiktæki, plotterar og nemar á trollunum sem sýna m.a. aflann sem kominn er í pokann. Þetta er flókinn búnaður en núna erum við með unga menn sem eru vel að sér og græja hlutina. Til allrar hamingju hefur maður þá til að redda hlutunum þegar allt er komið í steik. Allt í gegnum tölvur.“

Auðvelt er að finna upplýsingar um veður, sjávarhita og hvar sé líklegast að fisk sé að fá. „Þetta hefur breyst alveg gríðarlega, þú getur sótt allar upplýsingar sem þig vantar í gegnum tölvurnar. Þarft ekki bíða eftir veðurfregnum og þó veðurkortaritarnir hafi verið góðir á sínum tíma eru þeir orðnir safngripir. Nú ertu með þetta allt á skjánum og getur spólað fram og til baka.“

Auðvitað hlakka ég til að takast á við nýtt verkefni,“ segir Óli Einars sem er þessa stundina í fyrsta túr sumarsins á makríl á nýrri Heimaey.

Nauðsynlegt að endurnýja flotann

≡ Vélar hagkvæmari ≡ Kælikerfin öflugri ≡ Kröfum mætt um gæði fisks

„Hér er vélgæslukerfi og hægt að sjá og stýra flestum kerfum skipsins. Við getum kveikt ljós á dekkinu með þessum skjá ef því er að skipta. Sett aðalvél í gang og fylgst með öllu, RSW-kælikerfið er hérna líka en þegar við erum að dæla inn fiski erum við uppi í dekkhúsi þar sem við erum með samskonar skjái,“ segir Fannar Veigar, yfirvélstjóri á Heimaey VE.

Við erum staddir í stjórnklefa vélarrúmsins þaðan sem öllu er stjórnað. Fannar er 43 ára og segir hann margt hafa breyst frá því hann byrjaði til sjós. „Ég byrjaði 16 ára og það hefur orðið risastökk síðan um aldamót. Skipin orðin stærri og meiri og sem dæmi, þegar fyrri Heimaey kom 2012 þótti hún mikið skip en þykir ekki í dag. Hérna erum við með í höndunum miklu nútímalegra skip.“

Fannar segir muninn ekki endilega liggja í vélarafli. Gamla



Fannar í ríki sínu, vélarúminu þar sem hvergi er olíublett að sjá.

Heimaey var líka öflugt skip. En munurinn er að þetta er nýrra með nútímalegri búnaði, t.d. það sem kallast Power Management System, sem stjórnar öllu rafmagnskerfi og tryggir að það sé öruggt og skilvirkt.“

Aðalvélin er Wärtsila 5.220 kW og þrjár 550 kw ljósavélar og ein

150 kW. „Taflan sér um þetta allt. Við bryggju er kerfið á sjálfstýringu og ef vantar að koma inn vél gerist það sjálfkrafa. Ef alvarleg bilun verður í aðalvél sér svokallaður PTI búnaður um að við getum siglt í land á ljósavélunum. Þetta var ekki í gömlu Heimaey. Allur búnaður er nútímalegri og

það er gaman að takast á við það. Það er mikil vinna framundan að læra. Koma skikki á bókhald og viðhald á skipinu sem var kannski ábótavant hjá Skotunum. Þeirra rekstrarkerfi er öðruvísi en þegar það verður komið í lag verður þetta fínt.“

Í deild með stóru strákunum

Fannar sýnir blaðamanni vélarúmið þar sem hvergi er olíublett að sjá. „Þetta er aðalvél, gír og ásráfall, allt er þetta upp færsla frá fyrri Heimaey. Öflugri búnaður í skipi og á dekki. Dælt er úr trolli að aftan ekki síðu. Skipið ber meira, með öflugri kælingu og allt stærra og öflugra. Það er nauðsynlegt að endurnýja flotann. Vélar verða hagkvæmari í rekstri, kælikerfin öflugri til að mæta meiri kröfum um gæði fisks. Þetta færðu með nýrri skipum og nú erum við komnir í deild með stóru strákunum,“ sagði Fannar að endingu.

Samgöngur og atvinna eru forsendur búsetu

≡ Eyjólfur Ármannsson innviðaráðherra fæddist í Vestmannaeyjum fyrir gos ≡ Man eftir flóttanum ≡ Mikið var talað um um heiminn sem hvarf ≡ Eyjamenn mega vera stoltir af sögu sinni

GUÐNI EINARSSON
guðnieinars@gmail.com

„Ég var þriggja og hálfis árs upp á dag þegar eldgosið hófst í Heimaey þann 23. janúar 1973. Ég man aðeins eftir gosnóttinni og flóttanum frá Eyjum, Ég horfði á gosið út um stofugluggann heima, sá hjarma í fjarska og svo man ég eftir mörgu fólki niðri við höfn. Fólk með svarta plastpoka, líklega fulla af dóti koma líka upp í hugann,” segir Eyjólfur Ármannsson, innviðaráðherra, sem er fæddur 23. júlí 1969.

Hann er sonur Guðjóns Ármanns Eyjólfssonar (1935-2020) og Aniku Jónu Ragnarsdóttur (f. 1934). Guðjón var fyrsti skólastjóri Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum og síðar skólameistari Stýrimannaskólans í Reykjavík og rithöfundur. Anika Jóna, húsfreyja og sjúkraliði, er frá Lokinhömrum og Hrafnabjörgum í Arnarfirði, einum afskekktasta stað á Íslandi. Systkini Eyjólfss eru þau Ragn-



Eyjólfur Ármannsson, innviðaráðherra, var þriggja og hálfis árs Eyjapeyi þegar Heimaeyjargosið byrjaði 23. janúar 1973. Bækur föður hans prýða ráðherraskrifstofuna. Ljósmynd/GE

heiður (f. 1963), Ragnar (f. 1965) og Kristín Rósa (f. 1972). Guðjón og Anika Jóna byggðu einbýlishús við Kirkjubæjarbraut 21 á árunum 1963-1966. Heimili þeirra stóð beint fyrir ofan tjörnina Vilpu. Nú er Kirkjubæjarbraut 17 austasta hús við götuna og svo tekur við

hraunið sem hylur bernskuheimili Eyjólfss.

Fjölskylda Eyjólfss fékk far með Hamrabergi VE 379 til Þorláks-hafnar en það var einna síðast Eyjabáta til að leggja úr höfn um gosnóttina. „Ég man að pabbi kom niður í lúkar og sagði að Eyfi

væri sofnaður, en ég var vakandi með lokuð augun og man þetta vel. Ég var svo lagður í koju og sofnaði vært. Ég var alltaf ægilega stoltur yfir því að það voru bara við afi, Eyjólfur Gíslason á Bessa-stöðum, sem urðum ekki sjóveikir um borð þessa örlagaríku nótt.

Þegar við komum til Þorláks-hafnar biðu okkar ljósgrænir strætisvagnar og við fengum far í Stýrimannaskólann í Reykjavík þar sem tekið var á móti okkur. Við fórum þaðan til Beggu frænku, Bergþóru Árnýjar Ragnarsdóttur, yngri systur mömmu sem bjó í Drápuhlíð, og bjuggum þar fyrstu vikurnar. Svo fluttum við í íbúð við Ægisíðu. Pabbi vildi flytja aftur til Eyja en mamma vildi frekar búa áfram í bænum. Við settumst að í Foss-vogi, þar sem ég ólst upp, gekk í skóla og æfði handbolta og fót-bolta með yngri flokkum Víkings. Við fórum til Eyja í keppnisferðir og þá kynntu félagar mínir mig alltaf sem Vestmannaeying, þar virtust allir vita hver pabbi var.”

Eyjólfur segir að minningar hans fram að gosi séu stopular. Hann man að besta vinkona hans og leikfélagi í Eyjum var kölluð Silla. Hún heitir Sigrún Jóelsdóttir og er á sama ári og Eyjólfur. Silla er ættuð frá Kirkjubæ og Háagarði en átti heima á Eystri Oddsstöð-um.

Undir hrauninu er horfinn heimur

„Mér er minnisstætt, þegar ég kom fyrst til Eyja eftir gos, hvað mér fannst hraunið vera yfirþyrmandi stórt. Ég áttaði mig fljótt á því að undir hrauninu var horfinn heimur, sem kannski Eyjamenn í bænum lifðu enn í og ræddu mikið um. Þegar þeir komu saman heima hjá okkur og annars staðar töluðu þeir alltaf um þennan heim, sem var kominn undir hraun, - fallegasta hluta Heimaeyjar og byggðina sem hvarf. Á vissan hátt lifði fólkið áfram í þessum horfna heimi. Þetta var fyrir tíma áfallahjálpar en ég held að gosið hafi verið miklu meira áfall fyrir marga en fólk áttar sig á,” segir Eyjólfur.

Þetta rifjaðist upp fyrir Eyjólf þegar Grindvíkingar þurftu að



Bernskuheimili Eyjólfss var á Kirkjubæjarbraut 21, í húsi sem foreldrar hans byggðu. Myndin var tekin 26. janúar 1973, á þriðja degi gossins. Húsið og umhverfi þess fór undir hraunið. Ljósmynd/Guðmundur Þ. Sigfússon

yfirgefa heimabyggð sína. Hún hvarf þó ekki sjónum en varð fyrir gríðarmiklum skemmdum. Hann rifjar upp frásögn föður síns í bókinni Vestmannaeyjar, byggð og eldgos (bls 258-259) þegar flutningaskipin Hofsjökull og Hekla voru send til Eyja á öðrum degi gossins til að bjarga frosnum fiski og bílum. Menn, sem bjuggu næst gosstöðvunum, kröfðust þess að fá að fara með til að bjarga eignum sínum, en það átti að banna. „Við landgöngu-brúna á Hofsjökli vantaði aðeins brugðna byssustingi til að varna okkur uppöngu,” skrifar Guðjón Ármann. Stappinu lauk með því að skipstjórinn á Heklu leyfði 34 Eyjamönnum að fara með skipinu og gátu þeir bjargað einhverju af eignum sínum.

„Við eigum að hafa lært það af eldgosinu í Heimaei og jarðhræringunum í Grindavík hvað það er mikilvægt að virkja íbúana sem í hlut eiga, hlusta á sjónarmið þeirra og leyfa þeim að taka þátt í aðgerðum eftir því sem hægt er og öryggi leyfir. Ég á til dæmis ættargrip sem tókst að bjarga og mér þykir mjög vænt um. Þetta er borð sem krotað hefur verið á með tússi í flýti „Ármann E“. Þessi hlutur tengir mig við forfeður mína,” segir Eyjólfur.

Guðjón Ármann var í Akóges og fór alltaf á fundi á mánudagskvöldum og systkinin fóru þangað á jólaskemmtanir. „Pabbi var alltaf mikill Eyjamaður og í huga hans voru þrjár stórhátíðir, sjómannadagurinn, Þjóðhátíð Vestmannaeyja og jólin. Undir það síðasta talaði pabbi mjög mikið um Vestmannaeyjar, þær toguðu sterkt í hann.” Sjálfur hefur hann farið einu sinni á þjóðhátíð og fór oft á yngri árum til Eyja að keppa í handbolta eða fótbolta.

„Eftir að Landeyjahöfn var opnuð hef ég oft farið í dagsferðir til Eyja, ekki síst með gesti. Mér þykir yndislegt að koma þangað og innsiglingin er alltaf jafn stórkostleg. Mig langar í Bjarnar-ey við tækifæri, en þar stundaði pabbi veiðar með góðum félögum, eins og t.d. Súlla, Arna Johsen og Val Andersen. Pabbi talaði mikið um hve þetta var skemmtilegur félagsskapur. Ég fékk nýlega gott heimboð í Álsey frá Malla, Martin Eyjólfssyni ráðuneytisstjóra, og vonandi get ég þegið það,” segir Eyjólfur.

„Ég hef áhuga á sögu Eyjanna, sem er mjög merkileg og er ætíð hugsað til hennar þegar ég horfi Eyja í fjarska frá Suðurlandi. Sunnlendingar flyktust undan vistarbandi og hokri til hins vaxandi útgerðarbæjarins en vöxtur Eyjanna á fyrstu árum 20. aldar var ævintýrlegur og tengdur mesta framfaraskeiði í sögu þjóðarinnar. Fólk fluttist til Eyja í leit að frelsi og betra lífi. Eyjamenn geta með sannni verið stoltir af sögu sinni.“

Samgöngur kosta sitt

Undir innviðaráðherra heyra samgöngumál og sveitarstjórnarmál. Það liggur því beint við að spyrja Eyjólf um Landeyjahöfn og hvort áform séu um að laga höfnina svo að siglingar í hana falli sjaldnar niður vegna veðurs og að tafarlaus dýpkun verði tryggð þegar hennar er þörf?

„Þetta er spurning um fjármuni. Árið 2023 fóru um 620 milljónir króna í dýpkun Landeyjahafnar og rekstrarstyrkur til Herjólf var um einn milljarður. Séu afskriftir teknar með var raunverulegur kostnaður ríkissjóðs um 2-3 milljarðar það ár. Ný samgöngu-áætlun verður lögð fram í haust



Bessastaðir og Búastaðir voru með kálgarð austan við Helgafell, einmitt þar sem gossprungan opnaðist 1973. F.v.: Skarphéðinn Haraldsson frá Búastöðum, Eyjólfur Ármannsson, Anika Jóna Ragnarsdóttir og Ragnar Ármannsson.

Ljósmynd/Úr einkasafni

og vonandi verður hægt að gera eitthvað til að gera þessa höfn enn betri,” segir Eyjólfur.

Hann minnir á að greining hafi verið gerð á leiðigardi til að færa ós Markarfljóts austur til að beina framburði fljótsins lengra frá höfninni. Ákvörðun um framkvæmdina liggur ekki fyrir.

„Það hefur verið unnið að endurbótum á Breiðafjarðarferjunni Baldri svo hún uppfylli kröfur til siglinga á hafsvæðinu á milli lands og Eyja. Hann getur þá orðið varaskip fyrir Herjólf IV þurfi hann að fara í slipp eða forfallist, en í dag er Herjólfur III bundinn við bryggju í Sundahöfn, sem er kostnaðarsamt,” segir Eyjólfur.

Áætlunarflug stendur ekki undir sér

Flugfarþegum milli lands og Eyja fækkaði mikið þegar ferðatíðni Herjólf Jókst og flugið stóð ekki lengur undir sér á markaðslegum forsendum. Ríkissjóður hefur niðurgreitt flugsamgöngur til Vestmannaeyja í þrjá mánuði yfir háveturinn og tímabilið verið framlengt um allt að mánuð til viðbótar. Samið var um þetta flug til þriggja ára og er eitt ár eftir af samningnum.

Eyjólfur segir að Ísland eigi aðild að norrænu tilraunaverkefni um rafknúnar flugvélar. Það verði spennandi að sjá hvort hægt verði að bjóða upp á áætlunarflug á milli lands og Eyja með rafknún-um flugvélum. Verði sú raunin þá verða samgöngur til og frá Vestmannaeyjum rafknúnar að mestu leyti.

Vestmannaeyjagöng ekki komin á jarðgangaaætlun

Skýrsla starfshóps um fýsileika jarðganga á milli lands og Eyja var kynnt 29. október 2024.

Megin niðurstaða hennar var að gera þurfi þrepaskiptar rannsóknir á jarðlögum og hafsbótnei á fyrirhugaðri gangaleið áður en hægt verður að meta stofnkostnað og fýsileika jarðganga.

„Það er vilji til að ljúka þessum rannsóknum og það þarf að setja þær inn í samgönguáætlun. Vestmannaeyjagöng eru ekki fyrsti kosturinn við jarðgangagerð og margar rannsóknir sem bíða. Rökin fyrir Eyjagöngum eru bætтар samgöngur og mikill kostnaður við siglingar milli lands og Eyja. Jarðfræðin og saga eldsumbrota við Eyjar vekja stórar spurningar sem verður að svara,” segir Eyjólfur. „Eitt af markmiðum



Framan við Kirkjubæjarbraut 21, líklega sumarið 1972. F.v.: Systkinin Ragnheiður, Ragnar og Eyjólfur Ármannsbörn. Lengst til hægri stendur Gerður Hrund Einarsdóttir. Ljósmynd/Úr einkasafni

ríkisstjórnarinnar er að rjúfa kyrrstöðu sem hefur verið í jarðgangagerð síðan árið 2020. Við erum að huga að stofnun innviðafélags um jarðgangagerð. Fjárfestar eins og lífeyrissjóðirnir gætu átt aðild að því.”

Eyjólfur minnir á að að Færeyingar hafi lært af gerð Hvalfjarðarganga, en bendir á að Færeyjar séu innan við 1,5% af flatarmáli Íslands eða tæplega 1.400 ferkílómetrar. „Á svæðinu frá Hvítá í Borgarfirði og að Hvítá í Árnessýslu búa um 82% landsmanna og um 8% á Eyja-fjarðarsvæðinu. Þessi búsetuþróun varð ekki að ástæðulausu. Ég tel að of litlu fé hafi verið varið til samgöngubóta um of langt skeið. Til dæmis eru um 60% allra brúa í landinu eldri en 50 ára! Noregur, án Svalbarða, er rúmlega þrefalt stærri en Ísland að flatarmáli og þar eru yfir 1.260 jarðgöng en við eigum ellefu jarðgöng. Þessi munur verður ekki skýrður með ríkidæmi Norðmanna. Jarðgöng eiga ekki að vera lúxus. Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) gerði samanburð á fjárfestingu í samgöngum hjá hinum ýmsu löndum. Ísland var í fjórða neðsta sæti. World Economic Forum gerði skýrslu um samkeppnishæfni landa og lélegar vegasamgöngur hér á landi drógu úr samkeppnishæfni Íslands. Við verðum að spýta í lófana. Ég vildi óska að hér væri unnið að greftri 1-2 jarðganga á hverjum tíma. Við höfum ekki unnið að jarðgangnagerð síðan við lukum gerð Dýrafjarðarganga árið 2020. Mesta þörfin fyrir jarðgangagerð er þar sem um 10% landsmanna búa og umferðin er minnst. Umferð í jarðgöngum í innviðafélagi Færeyinga, þar sem þeir rukka veggjöld, er um 3.000 bílar á dag. Það er minni umferð í flestum okkar jarðganga. Í Fljótagöngum er reiknað með umferð um 450-500 bíla á dag og í Dýrafjarðargöngum er umferðin um 180 bílar á dag. Langmesta umferðin er í Hvalfjarðargöngum, um 8.800 bílar á dag að jafnaði, 11.000 á sumrin, og svo í Vaðlaheiðargöngum með um 1.700 bíla á dag. Bolungarvíkurgöng eru í raun innanbæjargöng með um 1.150 bíla á dag. Nú er komið mjólkurbú og sláturhús fyrir eldisfisk í Bolungarvík. Það er óvíst að sú starfsemi væri þar ef ekki væru göng. Jarðgagnagerð er oft mikilvæg byggðaaðgerð. Góðar samgöngur og góð atvinnutækifæri eru forsenda góðra búsetuskilyrða,” segir Eyjólfur.

Styður veiðigjaldafrumvarpið

Hvað finnst ráðherra sveitarstjórnarmála um áhyggjur sjávarútvegssveitarfélaga af veiðigjaldafrumvarpi ríkisstjórnarinnar?

„Ardsemi sjávarútvegsins er mikil

og sömuleiðis eigið fé margra sjávarútvegsfyrirtækja. Frá 2012 til 2022 jókst eigið fé íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja úr 106 milljörðum í 449 milljarða króna. Á árunum frá 2019 til 2023 greiddi sjávarútvegurinn út arð upp á 95 milljarða. Samkvæmt greiningu atvinnuvegaráðuneytisins borguðu tíu stærstu sjávarútvegsfyrirtækin um 60% af heildar veiðigjöldum ársins 2023 og voru þau um 7,6% af rekstrarhagnaði þeirra áður en tekið var tillit til vaxtagreiðslna, vaxtatekna, skatta og afskrifta (EBITDA). Þau tíu fyrirtæki sem komu þar á eftir greiddu 12% af EBITDA rekstrarhagnaði og þar næstu tíu greiddu 10,8% af EBITDA rekstrarhagnaði. Þessar tölur koma fram í nefndaráli meirihluta atvinnuveganefndar fyrir 2. umræðu á Alþingi. Við teljum okkur ekki vera að ganga nærri þessum fyrirtækjum,” segir Eyjólfur. Hann bendir á að gerðar hafi verið breytingar til að koma til móts við minni og meðalstórar útgerðir.

„Það er mikilvægt að samþætting veiða og vinnslu verði áfram til staðar. Ætlunin er að tengja veiðigjöldin meira við markaðsverð. Ég var í fjárlaganefnd og eitt árið fékk ríkissjóður veiðigjald upp á tíu milljarða en 26 milljarða af áfengisgjaldi! Veiðigjöldin eru tekin af auðlindarentu sjávarútvegsins og við teljum að í samfélaginu sé mikil samstaða um að sjávarútvegurinn greiði herra veiðigjald en verið hefur. Minn flokkur talar ekki fyrir háum sköttum. Við berjumst gegn fátækt á Íslandi og þá verðum við að bera mikla virðingu fyrir verðmætasköpun í samfélaginu. Við þurfum að auka framleiðni til að geta haldið uppi góðu samfélagi án fátæktar þar sem allir eru virkir þátttakendur. Það gerist einungis með öflugum atvinnulífi. Það má hvorki hefta einstaklingsfrelsi né verðmætasköpun,” segir Eyjólfur.

Sjávarútvegssveitarfélögin hafa farið fram á að það farið verði hægar í þessar breytingar og reynslan látin skera úr um framhaldið. Hvað segir þú um það? „Ég styð þetta frumvarp eins og það er núna, sérstaklega þegar meiri hluti atvinnuveganefndar kom til móts við smærri útgerðirnar með breytingum sínum. Það eru mikilvægar breytingar,” segir Eyjólfur. „Veiðigjaldið þarf að hækka og við viljum að hluti af hagnaði sjávarútvegsins fari til samfélagsins, meðal annars til uppbyggingar innviða. Einhvers staðar þarf ríkið að fá peninga til að reka velferðarkerfið, fara í samgöngubætur og viðhald samgönguinnviða. Það er gríðarlega mikil þörf fyrir auknið fjármagn í vegakerfi landsins og hávær krafa í samfélaginu um það.”

Fimm ráðherrar frá Eyjum á 121 ári

Fimm Vestmanneyingar hafa gegnt ráðherraembætti í ríkisstjórn Íslands frá árinu 1904 þegar Ísland fékk heimastjórn og Hannes Hafstein varð fyrsti ráðherra Íslands, eftir því sem næst verður komist. Með Vestmanneyingum er átt við þá sem eru fæddir í Vestmannaeyjum eða hafa búið þar um lengri eða skemmri tíma.



Jón Magnússon (1859-1926)

var Þingeyingur en gegndi embætti sýslumanns í Vestmannaeyjum 1891-1896 og var alþingismaður Vestmanneyinga 1902-1913. Hann var forsætisráðherra 1917-1922 og 1924-1926 og sá fyrsti hér á landi til að bera þann titil. Jón þótti einn merkasti stjórnmálamaður sinnar tíðar.



Jóhann Þ. Jósefsson (1886-1961)

fæddist í Vestmannaeyjum. Hann var fjármála- og sjávarútvegsmálaráðherra 1947-1949 og sjávarútvegs-, samgöngu- og iðnaðarmálaráðherra 1949-1950. Jóhann var kjörinn í fyrstu bæjarstjórn Vestmannaeyja 1918 og sat þar í tvo áratugi. Einnig var hann alþingismaður Vestmanneyinga 1923-1959 og mikill frumkvöðull í atvinnulífi Eyjanna.




Magnús H. Magnússon (1922-2006)

fæddist í Vestmannaeyjum. Hann var félags-, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 1978-1980 og jafnframt samgönguráðherra 1979-1980. Magnús var alþingismaður Suðurlands 1978-1983. Hann var stöðvarstjóri Pósts og síma í Vestmannaeyjum um árabíl. Magnús var bæjarfulltrúi í Vestmannaeyjum 1962-1982 og bæjarstjóri 1966-1975. Sem slíkur stóð hann í framlínunni þegar eldgosid braust út í Heimaey 23. janúar 1973 og þegar uppbyggingin hófst eftir gos.



Eygló Harðardóttir

fæddist í Reykjavík 1972. Hún var félags- og húsnæðismálaráðherra 2013-2017 og samstarfsráðherra Norðurlanda 2013-2017. Eygló var varaþingmaður Suðurlands febrúar-mars 2006, alþingismaður Suðurlands 2008-2013 og alþingismaður Suðvesturkjördæmis 2013-2017. Hún var búsett í Vestmannaeyjum í á annan áratug í byrjun þessarar aldar og flutti hédan 2013. Á því tímabili sat Eygló í stjórnun fyrirtækja og í nefndum og ráðum hjá Vestmannaeyjabæ eins og t.d. skólamálaráði og félagsmálaráði.



Eyjólfur Ármannsson

fæddist í Vestmannaeyjum 1969. Hann hefur verið alþingismaður Norðvesturkjördæmis frá árinu 2021. Eyjólfur varð samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra 21. desember 2024, síðar nefndur innviðaráðherra, og gegnir því embætti nú. Faðir hans Guðjón Ármann Eyjólfsson (1935-2020) ritaði merkar bækur og greinar um Vestmannaeyjar: Vestmannaeyjar, byggð og eldgos (1973), kafla um Vestmannaeyjar í ritróðinni Landið þitt (1984) og Árbók Ferðafélags Íslands 2009 um Vestmannaeyjar, auk bóka um siglingafræði og stjórnun skipa.

Sögðumst ekki ætla að fara svona hratt

TRYGGVI MÁR
SÆMUNDSSON
tryggvi@eyjafrettir.is

Víðir Reynisson þingmaður Suðurlandshafnar fyrir Samfylkinguna var fyrir skemmstu á ferð um Vestmannaeyjar. Segja má að Víðir hafi sterka tengingu við byggðamál og eins við öryggi samfélaga þar sem hann starfaði lengi á sviði almannavarna.

Ritstjóri Eyjafrétta settist niður með Víði á dögunum og ræddi við hann um þingstörfin og þau mál sem brenna á mörgum í Eyjum. Víðir tók sæti á þingi í lok síðasta árs og segir hann að hann kunni vel við sig í nýju starfi.

Stór hluti af viðtalinu fór í að ræða veidigjöldin og birtist það viðtal á vefsíðu Eyjafrétta í aðdraganda ráðstefnu sem Eyjafréttir héldu í síðasta mánuði um málið. Hér verða öðrum málum sem rædd voru við þingmanninn gerð skil.

Þó er ekki hægt að sleppa veidigjaldumráðunni alveg því vendingar urðu í því er varðar Víði og hans orð á ráðstefnunni eftir að Eyjafréttir birtu ræðu hans á vefnum.

„Við sögðumst ætla að hækka veidigjöldin. Við sögðumst ekki ætla að gera það svona hratt og það er það sem ég hef áhyggjur af í málinu í heild sinni,“ sagði Víðir m.a. í ræðu sinni. Þá sagði hann: „Ég er búinn að hlusta, ég mun fá gögnin, hef áður tekið við gögnunum, hef kynnt þau fyrir þeim stjórnarþingmönnum sem sitja í atvinnuveganefndinni og átt við þau gott samtal. Ég hef alveg komið mínum áhyggjum á framfæri í því sem snýr að Vestmannaeyjum og Suðurlandshafni.“

Til móts við áhyggjur fólks í Eyjum

Fréttavefurinn mbl.is spurði Víði út í þessi ummæli. Helstu áhyggjur Víðis sneru að hraðanum á hækkan veidigjalda, hvort útgerðin gæti borgað meira, aðkomu skattsins, afslætti minni- og meðalstóru útgerðanna og útreikningi makrílverðsins. Hann sagði nefndina hafa mætt þessu öllu. Hann segist hafa á ráðstefnunni



Víðir Reynisson þingmaður Suðurlandshafnar fyrir Samfylkinguna.

verið spurður út í ummæli sín á opnum kosningafundi Samfylkingarinnar sem haldinn var í nóvember þar sem hann sagði flokkinn ætla í auðlinda-gjalda-umræðu og vinnu á lengri tíma.

„Síðan var ákveðið að fara aðra leið í því og málið fór í gegnum mikla fyrstu umræðu og svo fyrir nefndina,“ sagði Víðir í samtali við mbl.is. Hann sagði atvinnuveganefnd hafa fengið til sín rúmlega 50 gesti tengda umræðunni um veidigjöld og það var mat nefndarinnar að málið væri tilbúið fyrir þinglega meðferð. Hann segir nefndina hafa komið til móts við þær áhyggjur sem fólk hafði á fundinum í Vestmannaeyjum.

Von um að rannsóknir hefjist í ár

Eitt af þeim málum sem brennur á mörgum Eyjamönnum er jarðgangnagerð milli lands og Eyja. Blaðamaður rifjaði upp fyrir Víði þann þverpólitíska vilja allra framboða í aðdraganda síðustu kosninga að tryggja fjármagn til rannsókna á jarðlögum á svæðinu. Víðir sagði að búið væri að senda inn þingsályktunartillögu um málið og eins senda inn fyrirspurnir.

„Það mun ekki skila miklu þegar svona mikið er í gangi í

þinginu,“ sagði hann og bætti við „Ég er búinn að funda í tvígang með innviðaráðherra og hans aðstoðarmönnum og fara yfir mikilvægi þess að það verði fundnir fjármunir núna til þess að setja þetta verkefni af stað. Þetta eru 60 milljónir sem að þarf til að gera fyrstu rannsóknina og er enn að vinna í þessu og hef rætt þetta við bæði forsætisráðherra og fjármálaráðherra og eins og ég nefndi áðan við innviðaráðherra að þetta sé mikilvægt í þessu innviðaaðtaki sem við erum að fara í. Nú er búið að setja inn 3 milljarða til viðbótar til viðgerðar í vegakerfinu og 60 milljónir í stóru myndinni er kannski ekki neitt risamál en ef maður skoðar verkefnið og tímann sem það tekur að fá niðurstöðurnar úr öllum fjórum fösum sem að er búið að leggja til að verði gerðir þá skiptir auðvitað bara máli að reyna að koma fyrsta fasanum af stað strax á þessu ári. Ég er ekki búinn að gefa upp von með það.“

Talandi um göng þá er fleira sem hangir á spýttunni. Allar lagnir sem hingað þarf að leggja. Nú erum við að horfa á bæði lagningu nýs rafstrengs og vatnslagnar. Þetta færi allt í göngin væru þau

til staðar?

Það er alveg ljóst að þær lagnir sem að væri hægt að setja í svona göng yrðu margfalt ódýrari heldur en þær sem þarf að leggja í sjó. Það er gríðarlegur munur á t.d. rafstrengjunum sem er verið að fara að endurnýja hérna. Verðið á svona sæstrengjum er margfalt miðað við þá strengi sem hægt væri að leggja í stökk í svona göngum. Að ógleymsdu því aðgengi sem þú hefur til að þjónusta slíka strengi og sinna viðhaldi með t.d. samtengingum sem ekki er mögulegt í sjó.

Ef að niðurstöðurnar úr þessum fjórum fösum segja okkur að þetta sé hægt, þá held ég að þessi göng verði að veruleika vegna þess að þau munu alltaf verða hagkvæm. Þegar við leggjum allt hitt saman, rekstur ferju og viðhald Landeyjahafnar og allt sem því fylgir þá benda allar skýrslur til þess að þessi göng verði hagkvæm.

Jarðgöng kjörð verkefni fyrir innviðasjóð

Aðspurður um hvort þetta verkefni henti ekki vel fyrir nýjan innviðasjóð sem til stendur að setja á lagginnar í samstarfi við lífeyrissjóði landsins segir Víðir að þetta væri alveg kjörð verkefni í það. „Vegna þess að umferðin í göngin yrði alltaf það mikil að veltan af þeim – þó að þau væru mjög dýr – væru hugsanlega dýrustu göngin sem við værum að fara í, þá er veltan af þeim alltaf meiri en af mjög mörgum öðrum dýrum göngum. Þannig að fyrir fjárfesta væru þessi göng alltaf spennandi kostur. Eins og ég segi þá vil ég bara fá svarið við fyrstu rannsókninni – er þetta hægt og ef að þetta er hægt – þá er mér sagt að ef að rannsóknirnar hér í Eyjum yrðu jákvæðar þá verði hitt ekki áskorunin.“

Skoða Landeyjahöfn samhliða

Víðir segir jafnframt að á sama tíma og verið sé að reyna að þoka þessu máli áfram þá er einnig verið að skoða varðandi bætur á Landeyjahöfn og þjónustuna við hana.

„Við vitum að miðað við skýrsluna þá taka þessar rannsóknir töluverðan tíma og Landeyjahöfn þarf að virka vel á meðan. Ég er búinn að kalla eftir því að fá allar skýrslur sem gerðar hafa verið um höfnina síðustu árin. Ég hef ekki

seð neinar fullmótaðar tillögur um breytingar en það hefur ýmislegt verið rétt. Ýmislegt verið sett niður. Ef það er hægt að gera eitthvað fyrir höfnina þannig að það bætist eitthvað við. Ef að það væri hægt að sigla þangað 25-30 daga til viðbótar á ári. Það væri til mikils að vinna. Að sjá bara ferðaþjónustuna hér í Eyjum. Hversu fjölbreytt og flott hún er. En hvað það háir henni rosalega þessi tími sem höfnin er lokuð.“

Vilja jafna orkukostnaðinn

Víðir segir að þingmenn kjördæmisins vinni vel saman þegar kemur að stórum málum í kjördæminu og þá er hópurinn bara nokkuð sammála. „Eins og samgöngumálum í kjördæminu. Almennigur sér það sem við erum ósammála um en ekki það sem við erum sammála um. Eitt af því sem við höfum verið að vinna að eru orkumálin og raforkuverðið.“

Við byrjuðum að líta til garðyrkjubænda. Við settum peninga í sjóð svo að þeir gætu farið í orkuskipti. Annað sem við höfum verið að skoða er jöfnunargjaldið, flutningsgjaldið, að breyta útreikningunum á því þannig að það skili betri árangri fyrir þau svæði sem eru raunverulega miklu dýrari. Það þýðir þá að höfuðborgarsvæðið borgar aðeins meira. Rafmagn á höfuðborgarsvæðinu er bara svo miklu ódýrara en annar staðar, þannig að jöfnunin er ekki í raun,“ segir hann.

Væri gaman að taka þetta verkefni lengra

Í lokin var Víðir spurður um að ríkið komi betur að uppbyggingu viðlegukants norðan Eiðis. Slíkur kantur er sérlega mikilvægur í almannavarnakerfi Eyjamanna sem flóttaleið komi upp sú staða að núverandi innsigling lokist. Varðandi það sagði þingmaðurinn að með tilkomu Laxey og auknum þungaflutningum megi búast við að stærri skip fari að sigla hingað. „Þessi flutningaskip eru alltaf að verða stærri og stærri og þá er orðið þrengra um innan hafnar. Þá getur þetta verið góð viðskiptahugmynd um leið og þetta eykur öryggið og minnkar álagið í innri höfninni. Þá gætu einnig stærri farþegaskipin lagst þarna að. Eins og þetta er í slíkum framkvæmdum í dag þá borgar ríkið 60% og sveitarfélögin 40%. Mætti ekki skoða það að hækka hlutfall ríkisins í ljósi þess að þetta er flóttaleið?“

„Það hefur auðvitað verið farið í allskonar framkvæmdir undir öryggismerkinu í gegnum tíðina. Auðvitað væri gaman að taka þetta verkefni lengra með bæjarstjórninni. Fara í frumskoðun á þessu til að átta sig á stærðargráðunni, hvernig þetta gæti lítið út og hvað þetta myndi kosta.“

Tinna Ósk nýr verslunarstjóri hjá ICEWEAR

Æðisleg föt og skemmtileg stemning

ÓMAR GARÐARSSON
omar@eyjafrettir.is

ICEWEAR hefur starfað frá árinu 1972 og lagt áherslu á útivistarfatnað yst sem innst. Vegur Icewear hefur vaxið með hverju ári og er orðið eitt öflugasta fyrirtækið á þessu sviði hér á landi. Icewear opnaði í Vestmannaeyjum árið 2017, fyrst í Básun en er í dag í glæsilegu og rúmgóðu húsnæði í Baldurshaga við Bárustíg. Flutti þangað árið 2021 og stækkaði þá verulega við sig og býður nú upp á allt sem Icewear hefur upp á að bjóða, allt frá fyrsta flokks útistarfatnaði til smæstu nytjahluta. Í dag stýrir Tinna Ósk Þórsdóttir versluninni að miklum skörungsskap.

„Ég er 34 ára gömul, fædd og uppalin í Vestmannaeyjum. Er gift Val Smára Heimissyni og saman eigum við þrjú börn. Þau Hákon Þór 13 ára, Hinrik Frey, 7 ára og Unu Marín 3 ára og hundinn Bruno,“ segir Tinna Ósk sem er menntuð í félagsvísindum og byggðafræði og er einnig með einkaþjálfara-réttindi.

„Lengst af hef ég verið að þjálfa, bæði hjá Hressó og svo nýverið hjá Metabolic Eyjum þar sem ég er meðeigandi. Ég starfaði lengi sem móttökustjóri hjá HSU en áður en ég hóf störf hjá Icewear var ég að vinna á leikskólanum Sóla sem er dásamlegur vinnustaður,“ bætir hún við.

Af hverju Icewear? „Ég sá starf verslunarstjóra auglýst og ákvað að prófa að sækja um. Eftir viðtöl var ég mjög spennt fyrir starfinu, mér þykir gaman að breyta til, ögra sjálfri mér og læra nýja hluti. Einnig er mórallinn og stemningin hjá Icewear skemmtileg og það höfðar mikið til mín. Svo eru fötin líka bara svo æðisleg, það er smá vandamál stundum því ég geri lítið annað en að kaupa á mig og fjölskylduna og kem alltof oft heim með gjafir.“

Hvernig lýst þér á starfið?

„Mjög vel, ég er spennt fyrir komandi tímum. Magnea Jóhannsdóttir hefur haldið úti frábærri búð sem er gott að taka



Tinna: Eftir viðtöl var ég mjög spennt fyrir starfinu, mér þykir gaman að breyta til, ögra sjálfri mér og læra nýja hluti. Mynd Aðsend.

við nú þegar hún fer að hugsa um krílið sitt. Það er nóg að gera og ég er að læra margt nýtt, það líkar mér vel.“

Staða Icewear í Eyjum?

„Hún er mjög góð. Við erum í mjög góðu samstarfi við ÍBV og Golfklúbb Vestmannaeyja með íþróttaviðburði, og erum svo einn af aðalstyrktaraðilum Þjóðhátíðar sem er virkilega skemmtilegt verkefni. Verslunin í Eyjum er stór og vegleg og býður upp á mikið úrval af útivistarfatnaði og aukahlutum, sem og hversdagsfatnaði fyrir bæði börn og fullorðna. Einnig bjóðum við upp á gott úrval af garni sem hefur verið að koma virkilega sterkt inn. Hjá okkur ættu því allir að finna eitthvað fyrir sína útivist, allt frá göngutúr með hundinn upp í hlaup og fjallgöngur. Við hvetjum alla til að kíkja við og skoða úrvalið því sjón er sögu ríkari.“

Hefur búðin í Eyjum einhverja sérstöðu? Sérstaða Icewear

almennt, er mikið úrval og góð verð. Útivist er fyrir alla, ásamt framúrskarandi þjónustu sem við leggjum okkur fram um að veita á hverjum degi. Við erum mjög stolt af því að geta boðið fólki að eignast góðan og flottan útivistarfatnað á sanngjörnu verði.

Einnig erum við dugleg við að gera extra vel við vini Icewear með flottum sérkjörum og spennandi sértílbodum. Til dæmis verður lengri opnun hjá okkur fimmtudaginn fyrir Goslokahátíð. Þá verðum við með opið til 22:00, bjóðum upp á léttar veitingar og 25% afslátt af öllum vörum fyrir vini Icewear. Það verður góð stemming og ég vonast til að sjá sem flesta, um að gera að koma og græja sig fyrir Goslokahátíðina.“

Eru Eyjamenn góðir kunnar?

„Já mjög. Það er alltaf gaman að taka á móti Eyjamönnum og þeir kunna að meta það sem við höfum upp á að bjóða,“ sagði Tinna Ósk verslunarstjóri.

TM-mótið og Orkumótið

Gengi ÍBV- krakkanna heilt yfir gott

TM mótið í Eyjum fór fram dagana 12. til 14. júní og var það haldið í 36. skipti. Tæplega þúsund stelpur frá 33 félagsliðum úr 5. flokki fjölmenntu til Eyja. Veðrið á mótinu var algjörlega frábært sem gerði upplifun stelpnanna enn betri.

Trausti Hjaltason var þjálfari ÍBV stelpnanna á mótinu í fjarveru Sigþóru Guðmundsdóttur. Að hans sögn var gengi ÍBV heilt yfir gott. „ÍBV var með fjögur lið á mótinu, lið 1 var að berjast í efsta styrkleikaflokki og var að keppa mikið við eldra árið hjá stóru liðunum en þær unnu til að mynda Val 1, ÍA 1 og fleiri sterk lið.

Þær töpuðu svo einhverjum leikjum fyrir allra sterkustu liðum mótsins, þar á meðal FH stelpunum sem enduðu á að sigra mótið. Hin þrjú liðin frá ÍBV dreifðust svo á styrkleikaflokkana en alls voru 28 styrkleikaflokkar á mótinu og sagði hann að það hefði verið fullt af sigrum en líka fullt af töpum. Samanlagt spilaði hvert lið 12 leiki á mótinu, þannig það var mikill fótbolti fyrir stelpurnar og rosalega mikið fjör.“

Getum verið stolt

Trausti sagði einnig að við gætum verið stolt í Eyjum hvernig við tökum á móti liðum og hvernig ÍBV skipuleggur þetta mót upp á tíu ár eftir ár. Hann hafi fengið ekkert nema hrós frá gestum varðandi mótafyrirkomulagið og hversu yndislegt væri að koma til Eyja og njóta bæði veitingastaðanna og annars sem Eyjan hefur upp á að bjóða.



Leikgleðin var í fyrirrúmi á Orkumótinu.

Myndir: Sigfús Gunnar.

Það voru stelpurnar í FH sem sigruðu mótið eftir úrslitaleik við Gróttu. Leikurinn var mjög jafn enda staðan 0-0 eftir venjulegan leiktíma. FH stelpurnar komu sterkari til leiks í framlengingunni og Elísabet Una Jakobsdóttir tryggði þeim sigur með tveimur mörkum beint úr aukaspyrnum. FH var því TM móts meistari árið 2025.



Elmar og Benedikt í Landsliði Orkumótsins

Líkt á TM mótinu fór fram árlegi leikur milli Landsliðs og Pressuliðs á Orkumótinu. ÍBV átti einnig tvo fulltrúa í landsliðinu. Bræðurnir Elmar og Benedikt Bjarkasynir voru báðir valdir í Landslið Orkumótsins og stóðu sig mjög vel. Þeir svöruðu nokkrum spurningum um mótið og fleira.

Nafn? Elmar Bjarkason.

Aldur? 9 ára.

Fjölskylduhagir? Mamma mín heitir Andrea og pabbi minn Bjarki, tvíburabróðir minn Benedikt og Sunna litla systir mín.

Hvernig var að spila fyrir Landsliðið á móti Pressuliðinu? Það var svo skemmtilegt, bara eitt það skemmtilegasta sem ég hef gert og geggjað að fá svona mikinn stuðning frá ÍBV strákunum.

Hvernig gekk á mótinu? Upp og niður. Hefði mátt ganga betur.

Hvert er stefnan tekin í fótboltanum? Mig langar að verða atvinnumaður í fótbolta.

Uppáhalds knattspyrnumaður/kona? Lamine Yamal.

Eitthvað að lokum? Takk ÍBV fyrir að halda Orkumótið því þetta er skemmtilegasta mót í heimi!

Nafn? Benedikt Bjarkason.

Aldur? 9 ára.

Fjölskylduhagir? Foreldrar mínir heita Andrea og Bjarki. Svo á ég tvíburabróðir sem heitir Elmar og systir sem heitir Sunna.

Hvernig var að spila fyrir Landsliðið á móti Pressuliðinu? Mjög gaman, smá stressandi fyrst.

Hvernig gekk á mótinu? Okkur gekk ekki alveg nógu vel. Við ætluðum okkur lengra en það gekk ekki í þetta skiptið.

Hvert er stefnan tekin í fótboltanum? Draumurinn minn er að spila í Premier League.

Uppáhalds knattspyrnumaður/kona? Erling Haaland.

Eitthvað að lokum? Takk allir ÍBV strákar fyrir geggjaða helgi.

Frábæru Orkumóti lokið

≡ HK sigraði Orkumótið 2025 eftir sigur á Þrótti

Andri Ólafsson, Kjartan Freyr Stefánsson og Yngvi Borgþórsson voru þjálfarar ÍBV á Orkumótinu og fengum við Kjartan til að segja okkur aðeins frá gengi strákanna og fleiru skemmtilegu.

Orkumótið 2025 stóð yfir dagana 26. til 28. júní en það er óhætt að segja að þetta sé hápunktur ársins hjá þeim í ÍBV. Þeir sem búa í Eyjum og sjá náttúruna á hverjum einasta degi gera sér kannski ekki alveg grein fyrir því hve mögnuð staðsetning þetta er fyrir knattspyrnumót en þátttakendur hinna liðanna gera það svo sannarlega.

ÍBV var með 4 lið þetta árið af leikmönnum úr 6. flokki, samtals 37 stráka. ÍBV sendi svo eitt gestalið úr 7. flokki sem fengu þá smjörþefinn af því hvernig er að taka þátt í stórmóti sem þessu. Í liðum ÍBV voru tveir leikmenn sem komu erlendis frá en það voru Bjarki og Amu sem komu inn í sitthvort liðið og fengu að kynnastrátt þvi að vera í liði gestgjafanna á risamóti eins og Orkumótinu.

Það eru ekki einungis leikirnir sem eru aðalatriðið en bátsferðir, skráðganga, kvöldvaka og landsleikur þar sem einn fulltrúi frá hverju félagi tekur þátt eru hlutir sem krakkarnir hafa gaman að. Í skráðgöngunni var gengið inn á Hásteinsvöll sem er um það bil að verða reiðubúinn til þess að hýsa leiki ÍBV en gríðarlega stutt er í að nýtt gervigras verði tekið í notkun.

Í kvöldvökunni voru engir þátttakendur sviknir þegar NUSSUN tryllti lýðinn.

Hvert lið spilaði nú leiki á mótinu ásamt jafningjaleik sem ákvarðaði lokastöðu hvers liðs á. Strákarnir í ÍBV-1 stóðu sig vel í mörgum leikjum. Fyrsti dagurinn gekk erfiðlega þar sem mörg öflug lið voru í riðlinum hjá liðinu en næsti dagur var gjöfulli þar sem liðið skoraði mjög mikið af flottum mörkum og spiluðu hörkuleiki. Sterk lið Stjörunnar og Breiðabliks voru andstæðingarnir fyrir partinn á laugardeginum en seinni partinn spilaði ÍBV við lið KR og sigruðu þá í jafningjaleik sem var jafnframt síðasti leikur mótsins hjá liðinu.

ÍBV-2 átti flotta byrjun á mótinu og kom fyrsti sigurinn þeirra í öðrum leik fimmtudagsins þegar þeir lögðu nágranna okkar í KFR 6:3 í flottum leik, næsti sigur kom strax á eftir þegar ÍBV sigraði Þrótt R. 6:9 í miklum markaleik inni í Herjólfshöllinni. Á föstudeginum spilaði ÍBV-2 við Reyni/



Liðin sem léku til úrslita á mótinu.



Tekist á í leik FH og Fylkis. Myndir: Sigfús Gunnar.

Víði, HK og Fjölni og enduðu í 3. sæti riðilsins, liðið skoraði þó flest mörk í riðlinum eða 16 talsins en ekkert lið skoraði fleiri mörk en ÍBV-2 þann föstudaginn. Flott gengi liðsins hélt áfram á laugardeginum en þar vann liðið tvo af þremur leikjum sínum og sigruðu meðal annars lið Þróttar örugglega, sem vann riðilinn þann daginn. Lokaleikur liðsins var síðan gegn Álfþanesi og lauk honum með jafntefli en liðin deildu því 5. sætinu í Helgafellsbikarnum.

ÍBV-3 var að mestu skipað leikmönnum af yngra árinu en einnig tveimur lánsmönnum úr 7. flokknum ásamt Amu sem kom alla leið frá Indlandi til að spila með liðinu á mótinu. Eftir að hafa tapað fyrsta leiknum sínum á fimmtudeginum gerði liðið sér lítið fyrir og sigraði næstu tvo leiki gegn Þrótti Vogum og Fjölni. Liðið lenti í erfiðum riðli eftir flott gengi á fimmtudegi-num en laugardagurinn var jafn og spennandi hjá liðinu. Flottur sigur gegn Víkingi Reykjavík á laugardeginum gerði það að verkum að liðið spilaði um 5. sætið í Surts-eyjarbikarnum við Vestra en þar vann Vestri 5:4 í frábærum leik í Herjólfshöllinni.

ÍBV-4 lenti í erfiðum riðli fyrsta daginn þar sem Stjarnan, KA og Gróttu voru andstæðingar-nir. Á föstudeginum sigraði liðið einn leik gegn ÍBV-5 á Þórsvellinum þar sem liðin spiluðu virkilega góðan fótbolta og gleðin leyndi sér ekki. ÍBV-4 vann síðan annan leik gegn Vestra á laugardeginum aftur á Þórsvelli eftir að hafa tapað naumt fyrir Þórsurum á Helga-fellsvellinum um morguninn. Liðið spilaði því lokaleik við Reyni/Víði og gekk á ýmsu í þeim leik þar sem ÍBV tók forystuna snemma en það voru gestirnir frá Sandgerði og Garði sem gerðu vel á lokakaflanum og unnu leikinn um 5. sætið í Brandsbikarnum.

ÍBV-5 var eins og áður segir gestalið í mótinu og skipað leikmönnum úr 7. flokki félagsins sem léku á als oddi á Norður-álsmótinu síðustu helgi. Strákarnir lentu í erfiðum riðli fyrsta daginn þar sem ÍA, HK og Fjölnir voru mótherjarnir. Næsta dag spilaði liðið leik við vini sína í ÍBV-4 og léku vel, þá léku þeir einnig í nágrannaslag við Selfyssinga sem reyndist mikill markaleikur og lauk með 5:6 sigri Selfyssinga. Eftir að hafa leikið í riðli með KFA, Skallagrí-mi og Blikum



fyrri part laugardagsins spilaði liðið við Þórsara um 5. sætið í Ystaklettsbikar-num en það var hörkuleikur inni í Herjólfshöllinni sem lauk með 3:5 sigri Norðan-manna.

Úrslit leikjanna eru þó oftast aukaatriði þegar kemur að mótum ungra knattspyrnumanna en gleðin var mikil hjá ÍBV-strák-unum sem léku sér vel saman og voru foreldrum og félagi til sóma á mótinu.

Það var svo lið HK sem sigraði Orkumótið 2025 eftir sigur á Þrótti. Leikurinn endaði með jafntefli 1-1 og því þurfti að framlengja. Ekki tókst liðunum að skora í framlengingunni og því farið í vítaspyrnukeppni en í 16. spyrunni setti leikmaður Þróttar boltann í stöngina og HK því Orkumótsmeistari 2025.



Allison skýtur að marki í leik gegn Fylki. Ljósmynd/Sigfús Gunnar

ÍÞRÓTTAMAÐUR MÁNAÐARINS ALLISON PATRICIA CLARK

Samfélagið hefur tekið mér svo vel

Íþróttamaður mánaðarins er nýr liður í Eyjafréttum þar sem við munum leggja spurningar fyrir íþróttafólk í Eyjum. Fyrst í röðinni er fjótboltakonan Allison Patricia Clark sem hefur átt virkilega góðu gengi að fagna með kvennaliði ÍBV en þær sitja á toppi Lengjudeildarinnar og eru komnar í undanúrslit Mjólkurbikarsins. Allison hefur verið einn af betri leikmönnum deildarinnar í sumar og hefur bæði verið drjúg að leggja upp og skora fyrir ÍBV.

Nafn: Allison Clark - Aldur: 24 ára - Fjölskylduhagir: Jennifer (móðir), Jeffrey (faðir), Matthew (eldri bróðir), Zoey (yngri systir). **Hvernig er venjulegur dagur í þínu lífi:** Venjulegur dagur byrjar snemma hjá mér með morgunrutínunni minni sem felur í sér hugleiðslu, sjónræna hugsun, dagbókarskrif og svo morgunmat

- venjulega fæ ég mér hafragraut og kaffi á meðan ég les eitthvað sem veitir mér innblástur. Ég elska að fara á góða æfingu á morgnana, hvort sem það er að lyfta, teygja eða spila fótbolta. Eftir það eyði ég venjulega tíma í tölvunni en undanfarið hef ég verið að skipuleggja tvær stórar ferðir sem ég er mjög spennt fyrir. Ég borða svo hádegismat, heyrir í fjölskyldunni eða vinum heima og fer svo á æfingu síðdegis. Eftir æfingu set ég fókussinn á endurheimt til dæmis með köldum/heitum potti og sturtu. Ég eyði svo kvöldunum í að slappa af - ég borða kvöldmat og horfi á þátt með herbergisfélögum mínum áður en ég fer að sofa. **Aðal áhugamál?** Fótballi, líkamsrækt, ferðalög, bæta mig persónulega, heilsa og vellíðan, ljósmyndun og andlegir þættir. **Hver er þín helsta fyrirmynd í íþróttum?** Ég hef alltaf haldið

mikið upp á Michael Jordan. Ég veit að þetta er klassískt svar, en bæði hugarfar hans og keppnisskap hafa veitt mér ótrúlega mikinn innblástur. Ég ber virðingu fyrir því hvernig hann nálgadist sína íþrótt og þær kröfur sem hann setti á sjálfan sig. **Hefurðu spilað aðrar íþróttir en fótbolta?** Já! Þegar ég var yngri var ég í fimleikum og ég spilaði mjúkbolta (softball). **Hvernig hefur gengið að aðlagast lífinu í Vestmannaeyjum?** Þetta hefur í algerri hreinskilni verið svo falleg upplifun. Vestmannaeyjar eru friðsælar og fullar af hlýju, bæði í náttúrunni og fólkinu. Samfélagið hefur tekið mér svo vel og ég finn mig svo tengda hér. Hægari lífshraði, notalegt andrúmsloft og það hvernig allir styðja hvern annan hefur verið mjög jarðbundið. Eftir að hafa eytt fjórum árum í New York borg í háskóla hefur þetta verið

svo mikil andstæða á góðan hátt. Að búa hér hefur kennt mér gildi einfaldleika, tengsla og samfélags - minni ys og þys og meiri nærveru. Ég mun taka þennan lærdóm með mér út í lífið það sem eftir er. Eyjan er ekki aðeins einstaklega falleg með stórkostlegu útsýni allt í kring, heldur gerir fólkið staðinn frábæran. **Hvert stefnirðu í fótboltanum?** Mig dreymir um að spila í einni af stærstu deildum í heiminum. **Sturluð staðreynd um sjálfan þig?** Ég hef farið í fallhlífartökk á Fíji! **Eitthvað að lokum?** Ég er svo þakklát fyrir tímann minn í Eyjum og hjá ÍBV. Þetta er svo sérstakur staður og ég mun varðveita minningarnar sem ég hef skapað hér það sem eftir er ævinnar. Mig langar að þakka öllum sem hafa tekið mér svona opinskátt og látið mér líða eins og heima hjá mér.

Siglingaáætlun Herjólfur 1. júlí - 10. ágúst 2025

Vestmannaeyjar brottför

07:00 16:00
09:00 18:00
11:00 20:00
13:00 22:00

Landeyjahöfn brottför

08:00 17:00
10:00 19:00
12:00 21:00
14:00 23:00



HERJÓLFUR
VESTMANNAEYJAR

ÚTBOÐ

Yfirbyggingu yfir olíuport kyndistöðvarinnar við Kirkjuveg/Heiðarveg

HS Veitur óska eftir tilboði í yfirbyggingu yfir olíuport kyndistöðvarinnar við Kirkjuveg/Heiðarveg.

Verkið felst í að steypa skal ofan á núverandi vegg, koma fyrir timburviki þaks, einangra það og klæða að utan með báruálsplötum. Grunnflötur portsins er 105 m²

Verkinu skal lokið 31. desember 2025

Útboðsgögn er hægt að nálgast á teiknistofu PZ ehf sími 481 2711 eða netfang tpz@teiknistofa.is

Tilboðum skal skilað á skrifstofu HS-Veitna Tangagötu 1 mánudaginn 21. júlí kl 14.00 og verða opnuð kl 14.15 á sama stað að viðstöddum þeim bjóð endum sem þess óska.



Kia EV3

Drifkraftur nýrra tíma



Movement that inspires



WINNER

2025 WORLD CAR AWARDS™
WORLD CAR OF THE YEAR



reddot winner 2025
best of the best

Hefur slegið í gegn - bæði hér heima og erlendis

Viðtökur EV3 á Íslandi hafa verið vægast frábærar en EV3 er annar mest seldi fólksbíllinn í almenna notkun á Íslandi það sem af er ári.

Þar að auki hefur EV3 sópað að sér verðlaunum á heimsvísu og var t.a.m. valinn bíll ársins 2025 hjá World Car Awards og vann hönnunarverðlaun Red Dot, ein þau stærstu í heiminum, fyrir bestu hönnun.

Verð frá

5.290.777 kr.

með rafbílastyrk**



Bragginn · Flötum 20, 900 Vestmannaeyjum · 481 1535
Söluaðili Kia á Íslandi.

* Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustueftirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd

** Nánari upplýsingar á orkustofnun.is/orkuskipti/orkusjodur/rafbilastyrkir